

BLAÐAUKI
SJÓNVARPS
VÍKURFRÉTTA

FJALLAGARPAR
VILJA TIL
GRINDAVÍKUR



Lækkað verð

299 kr.
allar tegundir



Krambúðin

VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 17. APRÍL 2024 // 16. TBL. // 45. ÁRG.

Guðmundur og Guðrún keppa áfram um biskupsembætti



Guðmundur Karl Brynjarsson og Guðrún Karls Helgudóttir munu eigast við í síðari umferð biskupskjörs. Úrslit fyrri umferðar eru ljós. Enginn fékk meirihluta atkvæða. Gert er ráð fyrir að önnur umferð fari fram 2. til 7. maí.



Guðrún Karls Helgudóttir fékk 839 atkvæði í kjörinu eða um 46%. Guðmundur Karl Brynjarsson hlaut 513 atkvæði eða 28% og Elinborg Sturludóttir hlaut 465 atkvæði eða um 25%. Á kjörskrá voru 2.286 og var kjörsókn tæplega 80%.



Horft yfir byggðina í Reykjanesbæ fyrir í þessum mánuði. Stórhýsin við Víkurbraut, Vatnsnesveg og Pósthússtræti eru áberandi. VF/Hilmar Bragi

Aukið orkuöryggi með nýrri sorporkustöð í Helguvík

■ Sorporkustöð með 140 þúsund tonna afköst á ári geti verið mikilvægt „púsl“ til að auka orkuöryggi á Suðurnesjum.

Niðurstöður úr nýrri skýrslu um hvort hagkvæmt sé að brenna úrgangi til orkuvinnslu hér á landi í nýrri hátæknisorbrennslu eru jákvæðar. Það sé hagkvæmara að brenna úrgangi til orkuvinnslu en að flytja hann úr landi. Til skoðunar er að staðsetja stöðina sem myndi kosta 20-40 milljarða í Bergvík/Helguvík á Suðurnesjum.

Orkan, heita vatnið og rafmagnið sem stöðin myndi framleiða er umtalsverð og hugmyndin er að nýta hana og staðsetja brennsluna í samræmi við það. Hátæknisorbrennslustöð með 140 þúsund tonna afköst á ári geti verið mikilvægt „púsl“ til að auka orkuöryggi á Suðurnesjum og auka framboð á orku sem nú er umframteftirspurn eftir. Ef hugmyndin hlýtur brautargengi

er næsta skref að stofna undirbúningsfélag til að vinna frekari greiningar- og undirbúningsvinnu. Sorpa, Kalka, HS Orka og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hafa sýnt áhuga á að koma að stofnun slíks félags.

Þegar hugmyndin kom upp á borð árið 2021 lýstu sveitarfélögin á Suðurnesjum yfir stuðningi við þessa uppbyggingu í Helguvík.

Þorsteinn Bjarnason í viðtali



Lék landsleiki í tveimur íþróttagreinum sama árið

VIÐ SÝNUM ALLAR EIGNIR, FÁÐU TILBOÐ Í FERLIÐ.

ALLT
FASTEIGNASALA



DÍSA
DISA@ALLT.IS
560-5510



ÁSTA MARÍA
ASTA@ALLT.IS
560-5507



HELGA
HELGA@ALLT.IS
560-5523



ELÍNBOG ÓSK
ELINBOG@ALLT.IS
560-5509



UNNUR SVAVA
UNNUR@ALLT.IS
560-5506



ELÍN
ELIN@ALLT.IS
560-5521



HAUKUR
HAUKUR@ALLT.IS
560-5525



SIGURJÓN
SIGURJON@ALLT.IS
560-5524



PÁLL
PALL@ALLT.IS
560-5501

24 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM

Ingibjörg Ösp ráðin til að stýra breytingum á Hljómahöll

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir hefur verið ráðin til að stýra verkefnahópi sem mun vinna að nýju skipulagi á starfsemi Hljómahallar. Eins og áður hefur verið greint frá mun Hljómahöll frá næstu áramótum hýsa bókasafn sveitarfélagsins ásamt Tónlistarskólannum, Rokksafninu og Stapa sem þar eru fyrir.



tónlistarskólann, Rokksafnið og Stapa.

„Það hefur sannarlega verið afar metnaðarfull uppbygging í Reykjanesbæ á sviði menningarmála síðustu ár eins og stofnanir sveitarfélagsins bera glögg vitni. Framundan eru breytingar á stofnunum þar sem áfram verður unnið að metnaði og framtíðarsýn þeirra. Hér starfar fagfólk með mikla ástríðu og reynslu og það er enginn vafi á því að farsæl lausn mun finnast í þessu máli þó auðvitað muni reyna á einhverjar málaútlösnir og þétt samstarf. Þessum breytingum munu líka fylgja nýjar hugmyndir og tækifæri og ég hlakka til að vinna þetta með öflugum teymi í Reykjanesbæ.“

Ingibjörg hefur þegar hafið störf og mun leiða þá vinnu sem er framundan með forsvarsmönnum fyrrgreindra stofnanna.

Ingibjörg er reynslubolti þegar kemur að menningartengdri starfsemi og verkefnastjórn en hún starfar í dag sem stjórnarformaður Hörpu og var á árunum 2009–2014 framkvæmdastjóri Hofs menningarhúss Akureyrar. Þá hefur hún jafnframt reynslu á sviði mennta- og mannauðsmála auk annarra starfa. Það er því mikill fengur að fá Ingibjörgu til liðs við okkur við að móta starfsemi stærsta menningarhúss sveitarfélagsins og finna leiðir til að flétta starfsemi bókasafnsins saman við



Visbendingar eru um að framboð íbúðarhúsnæðis sé ekki í takt við þarfir Grindvíkinga. VF/Hilmar Bragi

FRAMBOÐ ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS EKKI Í TAKT VIÐ ÞARFIR GRINDVÍKINGA

„Visbendingar eru um að framboð íbúðarhúsnæðis sé ekki í takt við þörfina, þannig að umframeftirspurn kemur til með að hafa afleidd áhrif meðal annars á vaxtakjör og þenja húsnæðismarkaðinn, sem leiðir að öllum líkindum til verðhækkunar á íbúðarhúsnæði um land allt. Það er því til mikils að vinna fyrir alla Íslendinga að unnið sé vel að málefnum Grindavíkur.“ Þetta kemur fram í pistli sem bæjarstjórn Grindavíkur sendi frá sér í síðustu viku.

Mikil vinna er í gangi og hefur verið frá rýmingu í húsnæðisteymi Grindavíkur og segist bæjarstjórnin eiga starfsmönnum húsnæðisteymisins mikið að þakka. „En betur má ef duga skal. Það er mikið og stórt verkefni að koma öllum íbúum Grindavíkur í skjól, heima í Grindavík eða annarsstaðar sem íbúar kjósa. Í nóvember voru rúmlega 1.200 heimili rýmd og hefur gengið misvel að leysa vanda þeirra heimila og gefa upplýsingar til kynna að ekki hafi fengist viðunandi úrlausn fyrir allan hópinn þar sem framboð fasteigna á þeim sveitarfélögum sem Grindvíkingar sækja í annar ekki eftirspurninni. Aðgerðir yfirvalda hafa til dæmis verið kaup fasteigna í gegnum leigufélög, leigutorgið,

fyrirhuguð uppkaup og sértækur húsnæðisstuðningur við Grindvíkinga,“ segir bæjarstjórnin í pistli sínum.

Bæjarstjórn ásamt húsnæðisteymi hefur ítrekað áréttað að ákjósanlegast sé að framlengja sértækan húsnæðisstyrk til 31. desember 2024 til samræmis laga um uppkaup fasteigna og veita þannig íbúum svigrúm til að ráða ráðum sínum. Mögulega hefur það áhrif á sölu fasteigna í Grindavík og hversu margir kjósa að halda heimili sínu í Grindavík.

„Við teljum bankastofnanir sem hafa veitt Grindvíkingum frýstingu á afborgunum og vöxtum hafa sýnt okkur mikla velvild og samhug og vonum að boðið standi til ársloka. Þannig haldist það í hendur við

það svigrúm sem veitt er í lögum um uppkaupin fyrir þá íbúa sem hafa ekki hug á sölu eða vilja rýmri tíma til að taka ákvörðun,“ segir í pistlinum.

Fulltrúar Grindavíkurbæjar hafa komið fram með fjölmargar tillögur að lausnum, svo sem að ríkið taki á leigu fjölbýli sem mögulega væri hægt að framlengja Grindvíkingum, kaupum á smáhúsum og einingahúsum sem hægt væri að selja eða leigja íbúum líkt og gert var í málefnum Vestmannaeyja. Þá hefur áhugi og boð um aðstoð við uppbyggingu slíkra framkvæmda hafa komið frá ýmsum sendiherrum norðurlandanna á Íslandi.

„Húsnæðismarkaður á Íslandi er í miklu ójafnvægi og útlit er fyrir skort á íbúðarhúsnæði á næstu misserum sem er áhyggjuefni allra landsmanna, ekki bara Grindvíkinga. Verkefnið er okkar allra, þjóðin og við Grindvíkingar erum og verðum að vera í þessu saman,“ segir bæjarstjórn Grindavíkur.



Frá tíu ára afmæli Hljómahallar á dögnum. VF/pket

Allt hreint
Umhverfissvöluð ræstingarþjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

Vogamenn vilja varahitaveitu

Bæjarráð Sveitarfélagsins Voga skorar á HS Orku og HS Veitur og yfirvöld orkumála að bora eftir heitu vatni og að komið verði upp varahitaveitu. Á bæjarstjórnarfund 3. apríl var lagt fram kynningarerið frá Birgi Þórarinssyni vegna varahitaveitu fyrir Voga og Vatsleysuströnd.

„Vegna eldvirkni á Reykjaneskaga og náttúrhamfara sem hafa átt sér stað af þeim völdum í Grindavík og í nágrenni við Svartsengi er talið nauðsynlegt að huga að varahitaveitu fyrir Suðurnesin, sem myndi þá þjóna Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ ef orkuverði í Svartsengi yrði óstarfhæft. Nú þegar er hafinn undirbúningur að borun fyrir lág hita á Fitjum, sem stefnt er að því að virkja í þessu sambandi. HS Orka, Ísor og HS Veitur standa að verkefninu með stuðningi ríkissjóðs. Þrátt fyrir að fyrir liggja upplýsingar um að lág hita sé að finna á Vatsleysuströnd hefur ekki verið ráðist í nauðsyn-



Frá Sveitarfélaginu Vogum á Vatsleysuströnd. VF/Hilmar Bragi

legar aðgerðir til að tryggja varahitaveitu fyrir Voga.

Bæjarráð tekur heilshugar undir þau sjónarmið sem fram koma í erindinu og skorar á HS Orku og HS Veitur og yfirvöld orkumála

að kanna til hlítar þann möguleika að ráðist verði í boranir eftir heitu vatni á Vatsleysuströnd í því augnamiði setja upp um varahitaveitu sem myndi þjóna bæði í Vogum og Vatsleysuströnd.

Lögreflufélagið kallar eftir tafarlausum aðgerðum í húsnæðismálum

Lögreflufélag Suðurnesja kallar eftir tafarlausum aðgerðum í húsnæðismálum embættisins. Þann 16. október 2023 var lögreflustöð útkallsliðsins að Hringbraut lokað vegna rakaskemmda og myglu. Viðgerð á hluta húsnæðisins stendur enn yfir. Útkallsliðið deilir nú húsnæði með rannsóknardeild, lögfræðisviði og yfirstjórn sem væri undir eðlilegum kringumstæðum besta staðan ef það húsnæði væri

ekki skrifstofurými sem er ætlað rúmlega 40 starfsmönnum en hýsir nú tæplega 70 manns á dagvinnutíma.

Lögreflumenn embættisins þurfa að finna það hjá stjórnvöldum að starfið sem þeir sinna af mikilli elju og hugsjón sé metið að verðleikum.

Lögreflufélag Suðurnesja skorar á Framkvæmdasýsluna - Ríkiseignir að bregðast við hið fyrsta.



Barnadagar nettó 11.–21. apríl

20% appsláttur af ótal barnavörum



Barnavörur frá Ánglamark



Skvísur frá Ella's Kitchen



Vörur frá Holle



Barnavítamín frá NOW



Skvísur frá 365 Coop



Bleyjur frá Ánglamark



Bleyjur frá Libero



Barnamatur frá Hipp



Rúsinunasl frá Sun-Maid



Barnavítamín frá MUNA

Langódýrustu bleyjurnar með appinu!

Þú getur notað appið í öllum verslunum Nettó og á netto.is og fengið fastan 2% afslátt í formi inneignar. Sérstök app-tilboð eru auglýst reglulega.

Sæktu appið og byrjaðu að spara!



nettó

Yfirvöld styðji betur við Grindvíkinga í ólgusjó

Bæjarstjórn Grindavíkur, ásamt Verkalýðsfélagi Grindavíkur, Sjómann- og vélstjórafélagi Grindavíkur og Félagi eldri borgara, hefur sent frá sér tillögur á yfirvöld að styðja betur við Grindvíkinga í þeim ólgusjó sem enginn valdi sér að standa frammi fyrir.

Í tillögunum er farið fram á að Grindvíkingar sem eru á leið á fasteignamarkaðinn í kjölfar náttúruhamfara njóti sömu kjara og fyrstu kaupendur sem eru m.a. afsláttur

af stimpilgjöldum, ráðstöfun á viðbótarlífeyrissparnaði skattfrjálst í útborgun og aðgangur að hlutdeildarlánum.

„Yfirlýsing hefur verið send stjórnvöldum en við höfum því miður ekki fengið viðbrögð frá þeim sem ráða ferðinni á þessum tímamarki. Við vonum að aðilarnir sem sendu yfirlýsinguna fái áheyrn eða nái athygli um þetta gífurlega hagsmunamál áður en yfir lýkur,“ segir í pistli frá bæjarstjórn Grindavíkur.



Grindavíkurbær í stefnumótunarvinnu

Bæjarstjórn Grindavíkur mun fara í stefnumótunarvinnu um uppbyggingu og setja fram markmið fyrir stöðu sveitarfélagsins, með tilliti til uppbyggingar, íbúafjölda og veittrar þjónustu.

„Markmiðin verða notuð að leiðarljósi um hvert við stefnum, en áætlanir taka mið af stöðu hvers tíma og munu vera breytilegar eftir aðstæðum hverju sinni,“ segir í pistli sem bæjarstjórn Grinda-

víkur sendi frá sér í síðustu viku. Bæjarstjórnin segir að lagt verði upp með lifandi vinnuskjal þar sem unnið verður með langtíma-markmið, markmið til miðlungs tíma og skammtímamarkmið.

Aðgerðaráætlanir, kostir og gallar ásamt kostnaðarmati og niðurstöðum jarðkönnunar, skulu vera hluti af verkefninu sem leiðir af sér hraðari uppbyggingu og framtíðarplan sem er raunhæft.

Færanleg kennslustofa sem Sveitarfélagið Vogar hefur fest kaup á hefur verið sett niður á lóð heilsuleikskólans Suðurvalla. Mynd af vef Voga



Kennslustofan komst loks til Voga

■ Náttúruhamfarir töfðu flutninginn frá Hvolsvelli sem var 45 milljónum kr. ódýrari

Færanleg kennslustofa sem Sveitarfélagið Vogar hefur fest kaup á var flutt frá Hvolsvelli í Voga í síðustu viku. Síðustu vikur og mánuði hefur ýmislegt gengið á sem hefur tafið flutning stofunnar sem taka á í notkun á vordögum og mun hýsa nýja leikskóladeild við Heilsuleikskólann Suðurvelli.

Til stóð að flytja húsið frá Hvolsvelli í upphafi nýs árs en náttúruhamfarirnar á Reykjanesi og slæm veðurskilyrði hafa tafið verkefnið. Til stóð að flytja húsið, sem er um 85 fermetrar að stærð og 20 tonn að þyngd, um Suðurstrandaveg en í kjölfar atburðanna í Svartsengi og við Grindavík varð ekkert úr þeim fyrirætlunum. Vegna þungatáknarkana á Krýsuvíkurvegi reyndist heldur ekki mögulegt að fara þá leið og hefur því ríkt talsverð óvissa um hvort og þá hvenær

hægt yrði að flytja kennslustofuna og taka hana í notkun.

Með aðstoð Almanna- og sveitarfélagsins fékkst þó loks undanþága frá Samgöngustofu fyrir flutningi kennslustofunnar í gegnum Grindavík og fór flutningurinn fram í síðustu viku. Að sögn þeirra sem komu að verkinu gekk það að mestu leyti greiðlega fyrir sig en verktakafyrirtækið JÁ verk sá um flutninginn fyrir sveitarfélagið.

Á þriðjudaginn í síðustu viku var húsið síðan híft á sökklana við

hlið heilsuleikskólans Suðurvalla og vinna við frágang og lagnatengingar hófst í kjölfarið. Það stýttist því í að leikskólinn fái húsnæðið afhent þegar vinnu við innréttingar og breytingar á húsnæðinu í samræmi við þarfir leikskólans er lokið.

Í fjárhagsáætlun 2024 nemur fjárfesting vegna færanlegrar kennslustofu við Heilsuleikskólann Suðurvelli 80 milljónum króna. Endurmetinn kostnaður vegna verkefnisins nemur nú 35 milljónum króna og því er áætlað að handbært fé bæjarins styrkist um 45 milljónir króna, segir í gögnum frá síðasta fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga.



Forsetakosningar
1. júní 2024

Sigríður Hrund
Veljum
fjölbreyttar
raddir



Mæltu með mér
Veittu mér brautargengi



www.sigridurhrund.is

Fylgdu Sigríði Hrund á samfélagsmiðlum @fruforseti



Ókeypis tónleikar með **Stórsveit Íslands**



**Stórsveit Íslands (Big Band) heldur tónleika
síðasta vetrardag, 24. apríl kl. 20.00,
í Hljómahöll, Reykjanesbæ.**

*Tónleikarnir eru haldnir með stuðningi Sambands sveitarfélaga
á Suðurnesjum, Félagi eldri borgara á Suðurnesjum,
Hljómahöll Reykjanesbæ og Víkurfréttum.*

*Engin aðgangseyrir, allir velkomnir.
Grindvíkingar eru sérstaklega boðnir velkomnir.*



**STÓRSVEIT
ÍSLANDS**



ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



Æ M Ú S I T Æ M Ð R E V T H S
 K F S Ú P S G Æ K F A S Ú B É
 R A T F K Ú Ð S A H G S T A R
 U Ú N A B Æ A Ð B R N A V S B
 M H N N R E B A Ð Æ G S A Ú Ó
 L S Æ Ö A S L F Ð Ð A V R B T
 I G P P Ó R Ó I S S L I P O S
 N A Ó I Ð A S H Æ L I E T R A
 U H R M S L Æ S A A Ð H S G G
 R A K A E R A S N T É K Ú A N
 B N A I A M D Ð Ð Æ R Ó H R I
 R F T T S É A Æ R P Ö U U M Ð
 Ó E L G Æ K Ó M I A T S L Ó Æ
 T A A G T B Ð Ú P S É L Æ U L
 S K P Ú N A I L Æ M F A S O G

- | | |
|--------------|--------|
| HÚSNÆÐISLEIT | ANDAKT |
| ÞÓRKATLA | SOPI |
| SÓLBAD | ÆPIR |
| GOSAFMÆLI | SALTAR |
| ÚTVARP | GULUR |
| SÆLUHÚS | BORGAR |
| ÆÐABER | KANNAR |
| VERÐMÆTI | ILMUR |
| ÆSKAN | ÓRÆÐ |
| HRÆÐSLA | GALIÐ |

Gangi þér vel!



Eldgosið við Sundhnúk er orðið það næst lengsta í hrinu eldgosa sem staðið hefur frá árinu 2021. VF/Isak Finnbogason

Ný staða að gjósi og land rísi á sama tíma

Næst lengsta gosið á Reykjaneskaga síðan 2021

Einn mánuður var liðinn á þriðjudag frá upphafi eldgossins sem nú er í gangi á Sundhnúksgígaröðinni. Eldgosið, sem hófst að kvöldi 16. mars, er það fjórða frá því að kvikusöfnun hófst undir Svartsengi í lok október 2023. Eldgosið nú hefur staðið lengst allra eldgosanna á Sundhnúksgígaröðinni í þessari hrinu eldgosa og næstlengst þeirra gosa sem hafa orðið á Reykjaneskaga síðan 2021. Einungis fyrsta eldgosið í Fagradalsfjalli, sem hófst í mars 2021, er lengra en það stóð yfir í um sex mánuði. Eldgosið Meradölum í ágúst 2022 stóð yfir í átján daga en gosið við Litla-Hrút í júlí 2023 í 26 daga. Fyrri eldgosin þrjú á Sundhnúksgígaröðinni voru skammlíf, segir í samantekt frá Veðurstofu Íslands, sem m.a. má sjá á vef VÍKURFRÉTTA, vf.is.

sem keyrir áfram þá atburðarás sem hefur verið í gangi síðustu mánuði. Einnig er mikilvægt að horfa til þess að á árunum 2020 til 2022 voru fjögur tímabil, með mislöngum hléum, þar sem kvikusöfnun mældist undir Svartsengi. Tæpir sautján mánuðir liðu síðan áður en kvikusöfnun, sem stendur enn yfir, hófst að nýju í lok október 2023.

Frá desember 2023 var óvenju taktföst röð atburða á Sundhnúksgígaröðinni, með endurteknum kvikuhlaupum og eldgosum í kjölfarið. Sá taktur var rofinn með kvikuhlaupinu 2. mars, sem endaði ekki með eldgosu, og svo nú með þessu gosi sem varað hefur lengur en fyrri gos.

Veðurstofan segir að nú sé stóra spurningin hins vegar sú hvenær kvikusöfnun undir Svartsengi hættir og þar með endurtekin kvikuhlaup og eldgos á svæðinu. Ekki er hægt að draga einhverjar ályktanir um framhald jarðhræringanna út frá lengd þessa eldgoss. Engar vísbendingar eru um að það sé að draga úr kvikuflæði frá dýpi

Sú staða sem er uppi núna er ný, þar sem eldgos er í gangi á Sundhnúksgígaröðinni og land rís í Svartsengi á sama tíma. Það mikilvægasta í stöðunni nú er hið sama og áður, að vakta svæðið og bregðast rétt við þeim breytingum sem verða í virkninni hverju sinni til að koma í veg fyrir frekara tjón og að fólk sé í hættu vegna umbrotanna.

SUÐURNESJA
VF **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín? Sendu okkur línu á vf@vf.is

Bíla viðgerðir
Smurpjónusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
 sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið: 11-13:30 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //

Úthlutanir í engu samræmi við mikla þorskveiði

Þá er þessi rólegi aprílmánuður hálfnaður. Rólegi aðallega út af því að hrygningarstopp er í gangi en því fer að ljúka bráðlega. Aftur á móti er stutt í að strandveiðitímabilið árið 2024 hefjist. Bátarnir mega hefja veiðar í maí og yfir allt landið eru um 800 bátar á þessum veiðum.



Það er krafa frá sjómönnum strandveiðibátanna að þeir fái að veiða í 48 daga en eins og veiðheimildirnar eru núna og út af því hversu margir bátar munu líklega verða á þessum veiðum má búast við því að þeir fái ekki sína 48 daga.

færaveiðar í ágúst, enda er oft góð færaveiði þá.

Förum í smá pælingar. Segjum að 800 strandveiðibátar verði á veiðum og hver þeirra megi veiða um 650 kíló miðað við þorskígildi af kvótabundnum tegundum nema ufsa sem má veiða eins mikið af og er innan þessa tímaramma sem getið er á um í reglugerð, sem eru fjórtán tímar sem bátur má vera á sjó. Þessi aflí er um tæp 800 kíló miðað við óslægt og ef 800 bátar fara á sjó og hver bátur nær sínum skammti (sem reyndar er nú ekki alltaf þannig) þá gerir einn mánuður um 7.700 tonn. Eins og er þá er áætlað að um ellefu þúsund tonn af þorski verði í strandveiðipottinum og ef þessi bátafjöldi verður á veiðum og hver nær sínum skammti, lýkur strandveiðinni árið 2024 áður en júlí fer í gang.

Við skulum bara sjá til, í það minnsta hafa sjómenn núna náð að undirbúa báta sína með því að taka þá upp á land, botnhreinsa þá og mála.

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson
 gisli@afllafrettir.is



Þónokkrir bátar hafa verið í svona hreinsunum í Sandgerði og líka í slippnum í Njarðvík en þar er til dæmis verið að taka botninn á Mána DA 68 í gegn en þessi bátur er stálbátur, um 15 tonn að stærð og var lengi í Bolungavík og hét þá Þjóðólfr ÍS. Stakkavík ehf. í Grindvík átti síðan bátinn og hét hann þá Máni GK 109, undanfarin tíu ár hefur báturinn verið á Húsavík en er núna skráður á Skarðsstöð sem er nú kannski ekki mjög þekkt höfn á Íslandi og spurning hvort margir lesendur þessa pistils viti í raun hvar þessi höfn, Skarðsstöð er.

Aðrir netabátar frá Suðurnesjum voru á veiðum áður en hrygningarstopp hófst og var Erling KE með 50 tonn í fimm róðrum og Halldór Afi GK 9 tonn í þremur.

Saxhamar SH frá Rífi var einn af þeim bátum sem voru í netarallinu en báturinn var með Faxaflóann og út með ströndinni að Reykjanesi. Hann hefur lokið sínum veiðum og gekk nokkuð vel, var með 131 tonn í níu róðrum og um 100 tonnum af því var landað í Sandgerði.

Reyndar var Friðrik Sigurðsson ÁR, sem Hólmgímur er búinn að vera með á leigu, líka í netarallinu og var við Suðurstöndina og fiskaði 137 tonn í aðeins sex róðrum og mest 37 tonn í einni löndun. Öllum þessum afla var landað í Vestmannaeyjum.

Núna eru semsé þau þrjú röll sem ákvarða kvótaúthlutun hvers árs lokið. Það er haustallið 2023, togarallið 2024 og netarallið 2024. Verður fróðlegt að sjá hversu mikil aukning verður á útgefnum þorskvóta næsta fiskveiðiár en síðustu úthlutanir á til að mynda þorski hafa verið í engu samræmi við þá miklu þorskveiði sem er víða um landið og við höfum fengið að fylgjast með í vetur í þessum pistlum.

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

GLEÐILEGT SUMAR!

-20%
**AF ÖLLUM
REIÐHJÖLUM***

á ekki við um rafmagnshjól

HJÓLA- DAGAR

Tilboð gilda frá
18. - 28. apríl



**SKANNAÐU KÓÐANN
OG SJÁÐU
ÖLL TILBOÐIN**

á www.byko.is



Lék landsleiki í tveimur íþróttagreinum sama árið

Keflvíkingurinn Þorsteinn Bjarnason átti magnaðan íþróttuferil og lék lengi knattspyrnu og körfubolta í efstu deild. Varð Íslandsmeistari í körfu með Keflavík og Njarðvík. Nú er það golfboltinn sem hann eltir.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vt.is



„Ég spilaði sex A-landsleiki í körfubolta og þrjá í fótbolta árið 1978,“ segir Þorsteinn Bjarnason sem við titlum sem íþróttamann úr Keflavík. Hann er líklega sá síðasti sem náði þeim einstaka árangri að spila A-landsleik í tveimur íþróttagreinum á sama árinu. Fótboltinn var alltaf íþrótt númer eitt hjá Steina en hann er einn af mörgum frábærum markvörðum sem ól manninn í Keflavík. Hann spilaði lengst af með uppeldisfélaginu í Keflavík en hann lék auk þess um tíma sem atvinnumaður í Belgíu. Svo fór hann hinum megin á Reykjaneskagang og spilaði með Grindavík, síðasta árið þjálfaði hann Grindvíkingana sömu-leiðis. Þorsteinn lauk störfum hjá Olis daginn sem viðtalið var tekið og hefur ekki áhyggjur af því að leiðast í framtíðinni.

„Já, nei, það hefur einhver annar en ég verið að baktala þig fyrst þú ert með hiksta,“ sagði Þorsteinn og hló þegar blaðamaður skaut að honum hvort hann hefði verið orðinn súr að vera ekki tekinn í viðtal eins og þeir aðrir keflvískir markmenn að undanförunu. Víkurfréttir hafa tekið viðtali við nafnana Bjarna Sig og Bjarna Óla auk Skúla Jónssonar. Hringnum er ekki alveg lokað með þessu viðtali við Þorstein Bjarnason, nafni hans Ólafsson er sá elsti í röð frábærra keflvískra markmanna og svo eru aðrir yngri, t.d. Ólafur Pétursson og Ólafur Gottskálksson. Hver veit nema fleiri keflvískir markverði reki á fjórir Víkurfréttir?

Þorsteinn byrjaði knattspyrnuferilinn reyndar ekki í markinu enda ekki spennandi hlutskipti að kasta sér á eftir boltanum á mölinni sem var vettvangur ungra Keflvíkinga á þeim árum sem Þorsteinn byrjaði að æfa.

„Ég er Keflvíkingur í húð og hár, mamma er reyndar úr Garðinum en var flutt í Keflavík þegar ég fæddist og þar ólst ég upp. Fyrstu þrjú skólaárin var ég í gamla skólansinu á Skólavegi, mér fannst skrítið að vera með sama kennara og hafði kennt þessa mínum áður, Jóna á Framnesi kenndi lengi og var góður kennari. Svo fór ég auðvitað í barnaskólann sem heitir Myllubakkaskóli í dag og eftir

”
Mín fyrirmynd þegar ég byrjaði var markmaður Arsenal, Bob Wilson. Vinur þabba hafði farið til England og keypti Arsenal-búninginn á mig og þar með var ljóst með hverjum ég myndi halda í enska boltanum ...

gagnfræðaskóla fór ég í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Ég byrjaði fljótlega að æfa fótbolta, byrjaði sem útispirari en svo vorum við líka að leika okkur í fótbolta á Jónsmiðum. Þar var gras og einhverra hluta vegna ákvað ég að fara í markid og fannst það bara ansi gaman. Þetta fréttist síðan inn á fótbolta-æfingarnar og þar með var ég kominn í markid á gömlu mölinni. Grasvöllurinn í Keflavík kom ekki fyrir en árið 1967 en var bara fyrir meistaraflokkinn, fram að því lék Keflavík heimaleiki sína á grasvöllinum í Njarðvík, ég á minningar af mér sem gutta að fara með þabba á leiki þar. Ég veit ekki hvort ég man þegar Keflavík varð fyrst Íslandsmeistari 1964 en man auðvitað vel eftir þegar við urðum meistarar '69 og aftur '71. Ég átti ekki beint neina íslenska markmannsfyrirmynd þegar ég var að byrja, nafni minn Ólafsson er sex árum eldri og var ekki byrjaður að spila með meistaraflokki þegar ég byrjaði. Hann var kominn í markid '71 ef ég man rétt og ég fylgdist auðvitað með honum þá og leit upp til. Mín fyrirmynd þegar ég byrjaði var markmaður Arsenal, Bob Wilson. Vinur þabba hafði farið til England og keypti Arsenal-búninginn á mig og þar með var ljóst með hverjum ég myndi halda í enska boltanum. Ég fór að grúska í enskum fótbolta-blöðum og sá mynd af Bob sem varð mín hetja. Mér gekk ágætlega næstu ár og var kominn á bekkinn hjá nafna mínum árið 1974 þegar ég var sautján ára og var honum til halds og trausts næstu þrjú árin, þegar hann fór í nám og spilaði samhliða með Gautaborg í Svíþjóð. Ég var því kominn með markmannsstöðuna fyrir '77 tímabilið og í lok þess tímabils var ég valinn í A-landsliðið, var varamarkmaður fyrir Sigurð Dagsson sem var að leika sinn síðasta landsleik. Þetta var leikur á móti Norður-Írum í

Belfast og var fyrsti landsleikurinn eftir óeirðirnar sem höfðu geislað í landinu. Við vorum í lögreglu-fylgd allan tímann en það sem er eftirminnilegast frá þessum leik, sjálfur Georg Best hafði snúið til baka skömmu áður og var valinn í landsliðið. Hann var nú varla svipur hjá sjón á þessum tíma, gat ekki neitt í þessum landsleik en það skipti engu máli fyrir stuðningsmennina, í hvert skipti sem hann snerti boltann varð allt brjáláð. Ég tók auðvitað í spaðann á honum eftir leikinn, þetta er skemmtileg minning að eiga.“

A-landsleikur í fótbolta og körfubolta 1978

Þorsteinn var greinilega mikill íþróttálfur, fljótlega var hann líka byrjaður að leika sér í körfubolta en á þeim tíma spilaði Keflavík undir merkjum Íþróttafélags Keflavíkur, ÍK. Þetta félag var með körfubolta og frjálsar íþróttir en svo rann það undir ÍBK síðar meir. Þegar Þorsteinn og Björn Víkingur Skúlason, fyrrum kennari, gengu upp í þriðja flokk voru þeir einir í flokknum og þurftu að skipta yfir í Njarðvík því í þá daga mátti ekki spila nema einn flokk upp fyrir sig og það var enginn í öðrum flokki. Þeir voru nógu góðir til að spila með meistaraflokki Keflavíkur sem þá spilaði í næstefstu deild en það var bannað og því ekkert annað fyrir þá féлага að gera en að fara yfir í gin græna ljónsins í Ljónagryfjunni. Þriðji flokkur Njarðvíkur, sem var sterkur fyrir, styrktist og þeir urðu Íslandsmeistarar. Ekki leið á löngu þar

til Steini var farinn að spila með meistaraflokki Njarðvíkur.

„Ég hafði valist í einhver unglíngalandslið í körfubolta og árið 1978 hlotnaðist mér sá heildur að vera valinn í A-landsliðið bæði í fótbolta og körfubolta. Ég lék sex landsleiki í körfubolta þetta ár og spilaði líka þrjá landsleiki í fót-

þá var ég orðinn varamaður hjá Bjarna Sig í landsliðinu, sem hafði verið á bekknum hjá Keflavík þegar ég tók mér stöðu á milli stanganna.


Ég var á fullu í báðum greinum, við Njarðvíkingar lentum í öðru sæti á Íslandsmótinu '76 og '77 og ég var á góðu róli í körfunni haustið '78. Ég spilaði stöðu fram-



bolta. Ég held að ég sé með þeim síðustu sem afreka þetta, ef ekki sá síðasti, að leika A-landsleik í tveimur greinum á sama árinu. Þarna var ég orðinn aðalmarkmaður í landsliðinu og nafni minn Ólaf, sem ég hafði verið varamarkmaður hjá í Keflavík, var orðinn minn varamarkmaður í landsliðinu. Kannski fyndið að nokkrum árum seinna kom sama staða upp,

herja, var nokkuð mikill skorari, var að skora tæp tuttugu stig að meðaltali þegar ég fékk óvænt tilboð um atvinnumensku í fótbolta í Belgíu. Þarna var ég búinn með fyrsta alvöruárið mitt með landsliðinu og fékk tilboð frá liði sem heitir La Louvière, ég var í prófum í FS og þetta kom óvænt upp á. Kannski athyglisverð staða sem upp kom á þessum tíma, nafni





Magnús Gíslason teiknaði þessa skopmynd árið 1986 þegar Sigi Held, þáverandi landsliðsþjálfari Íslands, lýsti því yfir að Þorsteinn Væri orðinn of gamall til að spila með landsliðinu. Þorsteinn er gamli maðurinn lengst til vinstri, þá Sigi Held og lengst til hægri er Ellert B. Schram, þáverandi formaður KSÍ.

minn var að koma til baka frá Svíþjóð og þarna var Bjarni Sig farinn að banka á dyrnar líka og það leit út fyrir að Keflavík yrði með þrjá markmenn tímabilið 1979. Bjarni endaði hins vegar á að ganga til liðs við Skagamenn sem vantaði markmann um vorið '79 og sjálfur hélt ég á vit ævintýranna í Belgíu, var kominn út fyrir jólin '78 og upplifði mín fyrstu jól fjarri Íslandi," segir Þorsteinn.

Umboðsmaðurinn Albert Guðmundsson

Á þessum tíma var ekki mjög algengt að íslenskir knattspyrnumenn færu í atvinnumennsku og því var þetta mikil upphefð fyrir Þorstein. Skagamaðurinn Karl Þórðarson gekk sömuleiðis til liðs við liðið en áður en kom að því að semja um kaup og kjör kom enginn annar en Albert Guðmundsson að samningaviðræðunum við Belgana.

„Það voru aðrir tímar þegar ég fór út í atvinnumennsku, það voru engir leikmenn að fá borgað á Íslandi á þeim tíma og þess vegna átti liðið kannski enga heimtingu á einhverri greiðslu. Keflavík samdi þannig að liðið mátti senda þrjá leikmenn út til að æfa með liðinu í þrjár vikur. Ég man að Einar Ásbjörn Ólafsson, Rúnar Georgsson og Guðjón Þórhalls komu fyrra árið, ég bjó þá í íbúð og þeir gátu verið hjá mér, það var gaman að fá gömlu félagana út. Áður en ég skrifaði undir var ég samt á báðum áttum, við þabbi ræddum þetta og fannst launin sem mér stóðu til boða ekki vera þess virði að vera fara út fyrir. Þabbi þekkti Albert Guðmundsson sem þá var ráðherra í ríkisstjórn Íslands og fékk hann til að aðstoða okkur í samningaviðræðunum. Við mættum með Belgana inn á Alþingi, Albert fór með þá inn á flokksskrifstofu Sjálfstæðisflokksins og eftir smá stund kom Albert til baka og sagðist halda að við ættum að geta tekið því sem Belgarnir voru þá tilbúnir að bjóða. Belgarnir vissu auðvitað hver Albert var eftir hans frábæra knattspyrnuferil. Hann talaði reiprennandi frönsku og var þarna orðinn ráðherra í ríkisstjórn Íslands, þetta var klókt útspil hjá þabba svo ég skrifaði sáttur undir tveggja ára samning og atvinnumennskan hófst.“

Þorsteinn rétt náði að klára prófin í FS áður en hann hélt út rétt fyrir jólin 1978. Hann byrjaði strax að æfa en belgíska deildin var mjög sterk á þessum tíma, með fullt af frábærum landsliðsmönnum frá Póllandi, Svíþjóð og Hollandi svo dæmi séu tekin. Þorsteini var í raun kastað beint út í djúpu laugina og hann þurfti að vera fljótur að ná sundtökunum.

„Ég fann strax að það var mikill getumunur á íslensku og belgísku deildinni en mér tókst fljótt að aðlagast og gekk strax nokkuð vel. Ég hafði kynnst konunni minni, Kristjónu Birnu Héðinsdóttur, tæpu ári áður en ég fór út, við byrjuðum

að búa og hér erum við enn. Hún var búin að læra smá frönsku í háskólanum og í Frakklandi og gat hjálpað mér en það var engin enska töluð í liðinu, bara franska. Ég þurfti að læra nokkur fótþoltaorð á frönsku, eins og sending, dekka, hægri, vinstri o.s.frv. Líklega er auðveldara að aðlagast sem markmaður en útleikmaður þegar maður fer að spila á herra getustigi, alla vega átti það við mig og þessi tvö ár gengu vel. Við féllum reyndar seinna árið en Belgarnir vildu halda mér og buðu mér sama samning áfram en það var eitthvað íslenskt sem togaði í mig og því lauk atvinnumenskunni árið 1980. Þegar ég hugsa til baka þá hefði ég nú líklega getað átt lengri atvinnumannaveril en mér fannst ég eiga skilið að fá betri samning á þessum tíma og ákvað að fara heim og spila með Keflavík. Kannski hélt ég að ég myndi fá betra tækifæri á atvinnumennsku síðar en henni lauk þarna. Ég kom heim um mitt sumar, nafni minn hafði farið aftur út eftir '79 tímabilið og Jón Örvar Arason var í markinu þar til ég gat byrjað. Eftir tímabilið fann ég hvað mig langaði að reima körfuboltaskóna á mig á ný og ég tók upp þráðinn með Njarðvíkingum þar sem frá var horfið," segir Þorsteinn.

Íslandsmeistari í körfu 1981

Þorsteinn hafði verið í stóru hlutverki hjá Njarðvíkingum áður en hann hélt í atvinnumenskuna en þegar hann sneri til baka var kominn frábær bandarískur leikmaður í Njarðvíkurliðið, Danny Shouse, og aðrir leikmenn máttu hirða þá mola sem dattu af borði Bandaríkjamannsins. Liðið var samt firnasterkt og fagnaði sínum fyrsta Íslandsmeistaratitli.

„Okkar hlutverk var að setja hindranir fyrir varnarmann Shouse svo hann gæti skotið. Þau stig sem við skoruðum komu þegar við náðum sóknarfrákasti. Ég hafði spilað með öðrum Könum en Shouse var á allt öðru getustigi en maður hafði áður séð, hann var svakalega góður og við tryggðum okkur Íslandsmeistaratitilinn. Ég man að við komumst líka í und-



Með íslenska landsliðinu í knattspyrnu.

”

Ég mun pottþétt halda áfram að rækta líkamann, er keppnismaður og vil bæta mig í golfinu en yfir höfuð eru framtíðaráformin einfaldlega að njóta þess sem lífið hefur upp á að bjóða ...

anúrslit í bikarnum en töpuðum fyrir Val og ástæðan var einföld, þeir voru með leikmann sem hét Brad Miley sem slökkti hreinlega í Danny Shouse. Þessi Brad hafði verið í byrjunarliðinu með Larry Bird í Indiana State háskólanum, í úrslitaleiknum fræga milli Indiana og Michigan State 1979 var Brad Miley settur á Magic Johnson. Hann var svakalega góður varnarmaður og frákastari. Bird sagði einhvern tíma að hann hefði viljað hafa Brad með sér í atvinnumenskunni en þá hefði hann þurft að kaupa handa honum nýtt skot.

Eftir þetta tímabil gekk ég til liðs við mitt heimafélag Keflavík og spilaði með þeim út '83-'84 tímabilið þegar körfuknattleiksferlinum lauk. Við byrjuðum á að vinna fyrstu deildina '82, vorum þá með frábæran Kana sem hét Tim Higgins og hann hélt áfram með okkur árið eftir í úrvalsdeildinni. Okkur gekk mjög vel og vorum efstir um áramótin en Higgins skilaði sér ekki til baka eftir jólafrí. Það tók meiri tíma þá að finna nýjan Kana en á endanum fengum við fyrrnefnan Brad Miley en það var of seint, við töpuðum nokkrum leikjum á meðan við vorum Kanalausir og misstum Valsmenn fram úr okkur. Þá var engin úrslitakeppni, ég er viss um að við hefðum orðið Íslandsmeistarar ef Higgins hefði skilað sér til baka en það var gaman að kynna Brad, við höfum verið góðir vinir síðan, t.d. kom hann í heimsókn til mín síðasta sumar. Eftir þetta tímabil voru svo Kanarnir bannaðir en þá þjálfaði Brad okkur en við féllum og eftir það tímabil, vorið 1984, lagði ég körfuboltaskónum. Þá var ég á kafi í landsliðinu í fótþolta og fannst þetta réttur tímunktur að einbeita mér bara að fótþoltunum. Ég átti síðan eftir að koma aðeins að körfuknattleiksþjálfun, tók við liðinu seinni hlutann á '85 tímabilinu og við fórum upp og svo var ég Jóni Kr. Gíslasyni til aðstoðar árið 1989 þegar hann tók við liðinu af Lee Nobler. Keflavík varð Íslandsmeistari svo ég get stáað mig af því að vera Íslandsmeistari í körfuknattleik með Keflavík og Njarðvík.“

Markmannshanskarnir til Grindavíkur

Eftir að Þorsteinn sneri til baka úr atvinnumenskunni vorið 1980 tók hann sér stöðu í marki Keflvíkinga og gegndi henni með frábærum árangri allt fram til ársins 1989.



Hann átti flottan tíu ára landsliðsferil og átti líklega sín bestu ár sem markmaður árin áður en Keflavík féll árið 1989. Þá átti knattspyrnuferillinn að fara á ís, jafnvel að enda, hann var búinn að eignast tvíbura og sá þetta sem fina tíma-setningu til að setja kommu eða punkt aftan við íþróttuferilinn.

„Vorið 1990 hafði Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, samband en þá hafði markmaður liðsins, Halldór Halldórsson, meiðst og Óla vantaði markmann. Ég sagðist leysa Halldór af þar til hann yrði orðinn klár. Við byrjuðum á að vinna Litla bikarinn um vorið, ég hafði nánaast verið áskrifandi af þeim bikar með Keflvíkingum. Ég spilaði svo hálf tilmót en þá sneri Halldór til baka og þó svo að Óli hafi boðið mér að halda áfram vildi ég standa við mín orð gagnvart Halldóri og hætti. Ætli ég hafi ekki hugsað með mér á þessum tímabili að þarna færu hansarnir og skórnir upp í hillu en um haustið hafði Grindavík samband. Þeir höfðu loksins komist upp í 2. deildina sumarið áður, rétt náðu að halda sér í henni og Bjarni Jóhannsson, sem var að taka við liðinu, vildi fá mig í markið. Kannski athyglisvert en þarna samdi ég í fyrsta skipti um laun fyrir að spila, ég spilaði alltaf frítt fyrir Keflavík. Grindavík bauð mér samning sem ég þáði og eftir fyrra tímabilið sagði ég þeim að nú vissu þeir hvað ég gæti og þeir buðu mér áframhaldandi samning. Við vorum mjög góðir '91 tímabilið og vorum lengi í baráttunni um að komast upp, vorum eina liðið sem vann ÍA, við unnum meira að segja báða leikina gegn þeim. Ég átti tvö góð tímabil með liðinu, var valinn leikmaður ársins '92 ef ég man rétt og um tíma var ég vítaskytta liðsins. Hjalli og aðrir útleikmenn áttu í einhverju basli á vítapunktinum og ég sagði að tíminn væri kominn á mig, stillti boltanum upp og þrumaði eins fast og ég gat á markið. Ég klikkaði aldrei á víti, bara svo því sé haldið til haga! Svo báðu Jónas og félagar mig um að taka við þjálfun liðsins samhliða því að verja markið. Ég féllst á það en okkur gekk ekki nógu vel þetta tímabil og þarna hélt ég að keppnisíþróttuferlinum væri lokið en aldeilis ekki. Árið 2003, ég þá orðinn 46 ára, kom kallið aftur frá Grindavík fyrir lokaleikinn í Íslandsmótinu. Grindavík varð að ná jafntefli til að halda sæti sínu og það tókst. Ég samdi þannig að þeir þyrftu ekkert að borga mér ef við myndum falla. Árið eftir kom enn eitt kallið, ég u.þ.b. tíu kílóum þyngri, ekki í neinu formi en samdi eins, spilaði í 17. umferðinni og við tryggðum áframhaldandi veru í efstu deild með 3-4 sigri gegn Keflavík og ég gaf lokaleikinn frá mér og gaf ungum Grindvíkingi tækifærið. Ekki lauk ferlinum heldur þarna, ég lét plata mig fyrir nokkrum árum til að spila bikar-leik með Ármanni. Haukur Ingi Guðnason hafði samband við mig, hann var að húa nokkrum gömlum

kempum saman í lið og við vonuðumst til að fá víðráðanlegan andstæðing í bikarnum en lentum á móti Fram, sem þá var í næstefstu deild. Við náðum að halda þeim í skefjum fram í hálfleik en þá var bensínið búið á tanknum hjá okkur öllum og Fram valtaði yfir okkur í seinni hálfleik. Þarna var ég rúmlega sextugur, mér þætti fróðlegt að vita hvort það séu margir eldri en ég sem hafa spilað meistara-flokksleik í keppni á vegum KSÍ. Ég geri nú ráð fyrir að skórnir séu endanlega komnir upp í hillu núna, kannski fyndið að þeir færu loksins þangað og ég skráður í Ármann, spurning hvort ég skipti ekki yfir í Keflavík," segir Þorsteinn.

Nám í Ameríku, starfsferillinn, golf og eftirlaunaárin

Þorsteinn vann hin ýmsu störf samhliða íþróttaiðkuninni, hann var lögreglumaður í fimm ár, var verslunarstjóri Hagkaups í Keflavík í fimm ár og hann rak kjörbúðina Hólmgarð ásamt Ragnari Ragnarsyni frá Grindavík í nokkur ár en þegar Þorsteinn sagði skilið við Grindavík árið 1993 settist hann á háskólabekk í Bandaríkjunum. Hann hafði spilað með og þjálfað KR-inginn og nafna sinn Þorstein Guðjónsson hjá Grindavík, sá var búinn að vera í háskólaboltanum með liði Auburn University of Montgomery, Alabama, og liðið vantaði þjálfara. Þorsteinn og Kristjana drifu tvíbura þá með sér til Bandaríkjanna og hófu háskólanám og Þorsteinn þjálfaði liðið. Hann bætti á sig markmannsþjálfun og allt í allt urðu árin í Bandaríkjunum tæp fjögur og þegar komið var heim réði Þorsteinn sig í vinnu upp á velli, sá um tómsundastofnun varnarliðsins. Þegar varnarliðið yfirgaf svo Keflavík árið 2006 réði Þorsteinn sig í vinnu hjá Olís, var orðinn forstöðumaður innkaupa og vöruhúsa og var einmitt að ljúka leik hjá fyrirtækinu daginn sem viðtalið var tekið. Hann kvaddi samstarfsfólkið þann dag en hefur ekki áhyggjur af því að leiðast í framtíðinni.

„Nei, ég hef nú ekki áhyggjur af því, ég hef stundað líkamsrækt síðan ég hætti að keppa, ég spila körfubolta tvisvar sinnum í viku, við hjónin skelltum okkur í golfið árið 2008, við eigum sumarústað fyrir austan fjall og stefnan er síðan sett á fleiri ferðalög. Tvíburaþingur okkar, þau Bjarni og Ingibjörg, hafa fært okkur þrjú barnabörn, Bjarni er einmitt að flytja heim frá Svíþjóð þar sem hann hefur unnið sem lækni. Ingibjörg er taugasálfræðingur, þau hafa bæði plummað sig vel í lífinu. Það verður gaman að fá Bjarna heim, ég hlakka til samverustunda með fjölskyldunni í framtíðinni. Ég mun pottþétt halda áfram að rækta líkamann, er keppnismaður og vil bæta mig í golfinu en yfir höfuð eru framtíðaráformin einfaldlega að njóta þess sem lífið hefur upp á að bjóða," sagði Þorsteinn að lokum.

Lauk námi í viðskiptafræði en fann ástríðuna í kennslu

Nýlega var gengið frá ráðningu nýs skólastjóra Gerðaskóla en það var heimamaðurinn

JÓN RAGNAR ÁSTÞÓRSSON sem fékk starfið.

Jón hafði verið kennari við skólann undanfarin ár og tók við aðstoðarskólastjórastöðu síðasta haust og þegar stutt var liðið á skólaárið varð hann starfandi skólastjóri.



Býr í göngufæri við skólann

„Ég réði mig sem aðstoðarskólastjóra síðasta sumar og á sama tíma var ráðinn nýr skólastjóri. Það gekk ekki og hann hætti störfum tiltölulega fljótlega, í september, og þá tók ég tímabundið við skólastjórastöðunni. Lögum samkvæmt var staðan auglýst eftir áramót og þá sótti ég um ásamt tveimur öðrum og var svo ráðinn nýlega.“

Þú býrð bara rétt hjá skólanum, er það ekki?

„Jú, ég hugsa að það nái ekki fimm mínútum fyrir mig að ganga í skólann sem er mjög þægilegt.“

Ertu uppallinn Garðmaður?

„Já, ég flutti hingað þriggja ára og gekk í Gerðaskóla alla mína grunnskólagöngu. Reyndar fluttum við svo til Keflavíkur þegar ég fór í framhaldsskóla. Þar kynntist ég svo konunni minni [Þórunni Kötlu Tómasdóttur] og við keyptum okkur íbúð í Keflavík sem við bjuggum í í nokkur ár áður en við fluttum svo til Danmerkur.“

Jón hefur ekki langa reynslu af kennslu eða skólakerfinu en þau héldu til Danmerkur og voru þar í fimm ár þar sem hann lagði stund á viðskiptanám í Copenhagen Business School.

„Það var mjög góður tími og þar kláraði ég bachelor og útskrifaðist með masters-gráðu í markaðsfræði og stjórnun árið 2010. Þegar við fórum út var konan í fjarnámi frá Kennaraháskólanum á Íslandi og við með einn eins árs gamlan strák með okkur. Þegar við komum heim fimm árum seinna vorum við með þrjá drengi og þrjár háskólagráður. Það er nokkuð vel af sér vikið á fimm árum.“

VIÐTAL

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



Fyrst eftir að við komum heim vann ég í fjölskyldufyrirtækinu á meðan ég var að finna mér starf en pabbi og mágur minn stofnuðu og eiga Völundarhús. Það var svo árið 2011 að ég var ráðinn til Samkaupa og ég var innkaupastjóri þar í tvö ár. Það var mjög góður tími og góð reynsla sem ég óðlaðist þar því áður en ég fór í námið hafði ég bara unnið hefðbundin verkamannastörf, var á flugvælinum í hlaðdeild, catering og svoleiðis. Nú eftir tvö ár hjá Samkaupum fékk ég símtal og hóf störf í Skólamat þar sem ég var rekstrarstjóri næstu sex ár.“

Vildi breyta til

Eftir sex ár hjá Skólamat voru breytingar á farvatninu hjá fyrirtækinu og Jón var farinn að vilja breyta til, því skildu leiðir. Jón vildi skipta um starfsvettvang og reyna fyrir sér í einhverju öðru en vissi ekki almennilega hverju.

„Ég er líka fótboltaþjálfari og mig langaði dálítið að láta reyna á það almennilega og réði mig í svólítið mikla þjálfun yngri flokka hjá Reyni/Víði. Það dugði hins vegar ekki til að ná endum saman, enda erum við fimm manna fjölskylda. Ég var því eitthvað farinn að líta í kringum mig þegar Eva, þáverandi skólastjóri, spurði konuna mína hvort mig vantaði ekki einhverja viðbót við það sem ég var að gera. Það passaði svo, hún hafði samband og réði mig í hálf starf við kennslu.“

Ég var búinn að vera að þjálfa unga drengi í smá tíma og fann

mig vel í því að vinna með börnum svo ég sá að það hentaði vel að fara í hálf starf í Gerðaskóla og málin þróuðust eftir það. Ég var að fást við ýmis verkefni, m.a. umsjónarkennslu og afleysingar þegar einhver fór í veikindaleyfi – þannig að ég fékk smjörþefinn strax. Skólasamfélagið var heimur sem ég þekkti ekki neitt, mjög sérstakt umhverfi sem ég hafði ekki komið nálægt frá því að ég útskrifaðist sjálfur úr Gerðaskóla. Ég kunni strax vel við starfið og skellti mér beint í nám haustið eftir til að sækja mér kennsluréttindi.“

Jón gat nýtt menntunina sem hann var með og náði sér í diplomagráðu á einu ári. „Þá var ég að þjálfa gríðarlega mikið, vann í skólanum og tók svo fullt nám. Það má líkja þessu við vertíð, ég var eiginlega í þremur fullum störfum. Það var rosaleg keyrsla en ég vildi bara klára þetta, sem tókst bara mjög vel.“

Ég var mjög sáttur í kennslunni, fannst hún gefandi og skemmtileg. Svo kemur sú staða upp að bæði aðstoðarskólastjórinn og skólastjórinn segja starfi sínu lausu síðasta vor og ég með minn stjórnun-arkabakgrunn, bæði úr Skólamat og Samkaupum, fór þá að velja þessu fyrir mér. Þarna sá ég því tækifæri til að sameina þetta tvennt, ég var búinn að finna ástríðuna í kennslunni og að geta nýtt mína stjórnunarmenntun og -reynslu. Ég sótti því um aðstoðarskólastjórastöðu síðasta sumar og fékk hana.“

Knattspyrnuþjálfun og bæjarpólitík

Jón hefur áhuga á allflestum íþróttum, aðallega segist hann þó brenna fyrir fótbolta og hann fylgist einnig vel með íslenskum körfubolta. Hann spilaði yfir hundrað leiki með meistaraflökki Víðis en lagði knattspyrnuferilinn á hilluna þegar hann hélt erlendis í nám.



Ég er líka fótboltaþjálfari og mig langaði dálítið að láta reyna á það almennilega og réði mig í svólítið mikla þjálfun yngri flokka hjá Reyni/Víði ...

„Ég er ennþá að þjálfa fótbolta og er núna með annan flokk Njarðvíkur. Ég þjálfaði annan flokk Keflavíkur í þrjú, fjögur ár þar á undan og við náðum stórgóðum árangri síðasta sumar, unnum B-deildina og komumst í bikarúrslitaleik þar sem við töpuðum í vítaspyrnukeppni fyrir Val, að ég held í fjölmennasta leik sumarsins á Keflavíkuvelli í fyrra.“

Svo er ég að sprikla með old boys Keflavíkur og Víðis svona einu sinni í viku en við höfum verið að gera það gott og nokkrum sinnum náð því að verða Íslandsmeistarar í okkar flokki – svo er ég á fullu í

Skólasamfélagið var heimur sem ég þekkti ekki neitt, mjög sérstakt umhverfi sem ég hafði ekki komið nálægt frá því að ég útskrifaðist sjálfur úr Gerðaskóla ...



Í golfi með félögum, Einar Lars Jónsson, Jón og Jóhann Birnir Guðmundsson.

golfinu en maður verður að sjá til hvort nýja starfið komi til með að hafa einhver áhrif á áhugamálin.“

Þá er bæjarpólitíkin eitthvað sem Jón Ragnar hefur látið sig varða og hann er varabæjarfulltrúi O-listans í bæjarstjórn Suðurnesjabæjar.

„Ég hef verið varabæjarfulltrúi í Suðurnesjabæ frá því að hann var stofnaður, fyrst fyrir Sjálfstæðismenn og óháða. Ég legg áherslu á óháða því ég var klárlega í þeim hluta. Svo stofnuðum við nokkur nýtt framboð, Bæjarlistann, fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar þar sem ég var í þriðja sæti. Þetta er þverpólitískt framboð en ekki flokkur, bara fólk sem ber hag bæjarfélagsins fyrir brjósti.“

Þá kannski sláum við botninn í þetta samtal og spyrjum knattspyrnuþjálfarann og varabæjarfulltrúann: Hvar á gervigrasvöllurinn í Suðurnesjabæ að rísa?

„Í mínum huga og afstaða Bæjarlistans er staðsetningin skýr og var það fyrir kosningar. Við viljum að nýr völlur rísi á milli bæjarkjarnanna, í Miðjunni svokölluðu. Svo

sé ég fyrir mér að á einhverjum tímamarki verði meistaraflakkar þessara féлага sameinuð og þá held ég að það sé farsælast að vera með völl á hlutlausum stað.“

Manni heyrir að það séu komnar upp efasemdaraddir um hvort sameining hafi verið rétt. Það gengur illa að sameinast í hjörtum fólks getur maður sagt. Þetta væri mjög táknrænt um að við værum að sameinast og byrja að byggja upp sameiginlega þjónustu fyrir bæjarbúa.

Þetta er að mínu viti mjög stefnumótandi ákvörðun og svona ákvarðanir eiga að vera teknar á grundvelli einherrar framtíðarsýnar og stefnumótunar. Miðjan er skilgreind sem íþróttasvæði í aðal- skipulagi og við hljótum að vilja sjá einhverja uppbyggingu á þessu svæði á einhverjum tímamarki og þá er hægt að líta á þetta sem framtíðarfjárfestingu, eins og að leggja lagnir og þess háttar kemur til með að nýttast þeirri byggð sem mun rísa þarna,“ sagði skólastjórinn, fótboltaþjálfarinn og varabæjarfulltrúinn að lokum.



Fjölskyldan á fótboltaleik á Anfield.



SUÐURNESJA

magasín

BLAÐAUKI
SJÓNVARPS
VÍKURFRÉTTA

FJALLAGARPAR

VILJA KOMAST INN TIL GRINDAVÍKUR



„Ef jöklaleiðsögumanni er treystandi til að fara með ferðamenn í jöklagöngu eða snjósleðaferð á jöklum ætti að vera hægt að treysta okkur til að fara með ferðafolk til Grindavíkur,“ segir Guðmundur Helgi Önundarson, annar eigenda Fjallagarpa en fyrirtækið stofnaði hann fyrir nokkrum árum ásamt eiginkonu sinni, Írisi Ósk Kristjánsdóttur. Reykjanesið er vinsæll staður að fara á en það hefur verið lokað að stórum hluta til síðan 10. nóvember þegar hamfarirnar áttu sér stað í Grindavík. Hjónin horfa björtum augum til framtíðarinnar og eru sannfærð um að Reykjanesið geti orðið vinsælasti ferðamannastaður Íslands en til að svo megi verða þurfi mikla innspýtingu á svæðið.

**BÓKUNASTAÐAN
MJÖG GÓÐ FYRIR
SUMARIÐ**

VIÐTAL
Í MIÐOPNU



TIL Í AÐ VERA MED FIMM SVONA BÍLA OG GÆTU SELT ÞÁ ALLA DAGA Í ALLT SUMAR



Segja má að fyrstu frækornunum að Fjallagörpum hafi verið sáð í kringum 1970 þegar Guðmundur var að ferðast með föður sínum um hálendi Íslands. Hann tók ástfóstri við landið sitt og þennan ferðamáta og þegar hann hafði aldur til var hann kominn með farartæki sem hentaði í slík ferðalög. Hann byrjaði að vinna fyrir sér sem leiðsögumaður og kynntist svo Írisi sem hafði sömuleiðis áhuga á fjallaferðum. Eftir að hafa ferðast vítt og breitt um landið með börnin sín fjögur ákváðu þau að gera áhugamálið að sínu lífsviðurværi og stofnuðu Fjallagarpa. Íris byrjaði á að fara yfir upphafsskref fyrirtækisins og fór yfir hvernig ferðir eru í boði.

VF FERÐAMÁL

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vt.is



„Fyrirtækið er stofnað út frá áhuga okkar á göngu og fjallaferðum. Guðmundur er alger fjallageit, þekkir nánast allt fjalllendi Íslands og Reykjanesið eins og handarbakið á sér. Við gengum með þennan draum í maganum, fengum okkur svo okkar fyrsta breytta bíl og í dag gerum við út þrjá bíla í ferðaþjónustu. Þetta er

búið að vera vinnan hans Guðmundar í nokkur ár og ég er alltaf að koma meira og meira inn í daglega reksturinn, er einmitt að klára meiraprófið sem er skilyrði til að keyra með ferðamenn og stærsta bílinn okkar sem við köllum Mosa en hann er mikið breyttur ellefu manna Sprinter. Eins og bókkunarstaðan fyrir sumarið lítur út væri ég til í að vera með fimm svona bíla, ég gæti selt þá alla daga í allt sumar. Ég á von á að þetta sumar verði alger bomba og er sannfærð um að Ísland eigi helling inni sem ferðamannastaður. Við eigum svo

mikið af perlum hér á Íslandi, kunninn okkar elskar þegar við förum með hann á stað sem hann hafði ekki hugmynd um og hann getur staðið þar í kyrrðinni og notið útsýnisins, hann þarf ekki að fara á Gullfoss og Geysi til að upplifa æðislega íslenska náttúru. Að keyra með erlendu ferðamennina hér á Reykjanesinu er líka mikil upplifun fyrir þá, þeim finnst eins og þeir séu á tunglinu. Við Íslendingar tökum þessu sem sjálfsgöðum hlut en ferðamönnum finnst landið okkar vera einstakt.

Á síðasta ári förum við rúmar 70 ferðir en hver ferð er allt frá degi upp í tíu daga, við förum t.d. á föstudaginn langa í tveggja daga ferð með fjölskyldu frá Bandaríkjunum. Viðskiptavinahópurinn er að langstærstum hluta til erlendir ferðamenn en það er alltaf að aukast að íslensk fyrirtæki bjóði starfsfólki upp á hvataferðir með okkur, við höfum verið með steggj-anir og gæsanir og eitt sinn fór

Guðmundur með erlent par sem gifti sig í bílnum uppi á hálendinu. Erlendu ferðamennirnir eru hinir betur borgandi ferðamenn sem eru búnir að skipuleggja ferð sína frá a til ö. Við vinnum þetta mikið með ferðaskrifstofum, þar erum við saumuð inn í skipulag ferðarinnar og eins og ég segi, allt skipulagt í þaula, hvar sé gíst o.s.fr.,” segir Íris.

Lok, lok og læs í Grindavík

Fjallagarpar hafa ekki getað farið eins víða á Reykjanesinu og áður vegna hamfaranna í Grindavík en Guðmundur vill meina að ferðaþjónustuaðilum, sem hlotið hafa þjálfun, fræðslu og undir leiðsögn, sé vel treystandi til að fara með ferðafólk inn á svæðið.

„Við virðum náttúruna okkar og við viljum fara vel með hana, við viljum samt líka geta sýnt ferðamönnum hana af öryggi. Við erum t.d. með æðislega fjöru hér á Reykjanesinu, Sandvíkina, þessi

”

Ég á von á að þetta sumar verði alger bomba og er sannfærð um að Ísland eigi helling inni sem ferðamannastaður. Við eigum svo mikið af perlum hér á Íslandi ...

fjara er ekkert síðri en aðrar fjöru á Suðurstroöndinni. Við getum gert miklu meira út á margt hér á Reykjanesinu og ég trúi því að ef alvöru innspýting kæmi inn á svæðið gæti það orðið eins vinsælt eins og Gullni hringurinn. Þetta er búið að vera erfitt fyrir okkur og aðra ferðaþjónustuaðila á Reykjanesi í vetur vegna lokana í Grindavík, það var alltaf hluti af ferðinni á Reykjanesið að keyra í gegnum Grindavík og stoppa þar og fá sér hressingu. Mér finnst þessar





MYNDIR ÚR EINKASAFNI



lokanir of ýktar. Með því að eiga samtalið við lögregluþyrirvöld þá er hægt að búa þannig um hnútana að við getum farið með ferðafólk til Grindavíkur með öryggi að leiðarljósi. Að sjálfsögðu þurfum við að setja öryggið á oddinn, það er stundum gasmengun og það eru sprungur en við erum hjálpuð til að gæta að öryggi okkar farþega og erum með nauðsynlegan búnað. Ef maður spáir í það þá er ekki allur munurinn á ferðaleiðsögumanni á jöklum, sem er með ferðafólk í jöklagöngu eða á snjósleðum, eða fyrir okkur að fara með fólk til Grindavíkur. Jöklaleiðsögumaður fær ekki að fara með ferðamenn á jökulinn nema vera búinn að fara á námskeið, sama á að geta átt við okkur varðandi að fara inn til Grindavíkur. Við eigum að vita af hættunum og



erum með nauðsynlegan búnað til að bregðast við ef eitthvað fer úrskeiðis. Stundum eru aðstæður þannig á fjalli vegna veðurs að það er ófært, það sama getur gilt í Grindavík, kannski er of mikil gasmengun á tilteknum degi og þá er ekki hleypt inn á svæðið. Þetta má virða en að hafa svona stóran hluta af Reykjanesinu alfarið lokaðan eins og verið hefur síðan 10. nóvember gengur ekki til lengdar. Við þurfum að sækja alla okkar farþega til Reykjavíkur í dag eða fara með gestinn okkar af Reykjanesinu, það eru auka 80 km með tilheyrandi auknum eldsneytiskostnaði. Ég vona að það verði slakað á þessum kröfum og okkur boðið að borðinu til viðræðna. Ég myndi treysta mér fullkomlega til að fara með ferðafólk inn til Grindavíkur eftir að búið væri

að fara yfir með mér hverjar hættur eru og hvers væri ætlast til af okkur. Þetta væri líka það besta fyrir svæðið, að hleypa ferðafólki inn sem myndi rífa símana upp og taka myndir. Jákvæð umfjöllun er það sem þetta svæði þarf. Ég heyrir á Grindvíkingum að það er hugur í þeim að byggja sitt flotta bæjarfélag aftur upp, svona lagað yrði mjög jákvæður hluti af slíkri uppbyggingu, ekki bara fyrir Grindavík heldur fyrir ferðapjónustu á Reykjanesinu, já eða öllu Íslandi.“

Reykjanesið á helling inni

Guðmundur er mjög hrifinn af Reykjanestánni og sér fyrir sér að þar væri hægt að gera mjög flotta hluti í ferðapjónustunni. „Það var búið að setja þjónustumiðstöð á teikniborðið á Reykjanestánni en ég sé hvorki tang né tetur af henni. Fyrsta skóflustungan var tekin fyrir nokkrum árum en svo hefur ekkert gerst.

Ég myndi vilja sjá þessa þjónustumiðstöð flottari en þá sem er við Gullfoss, sú er bara á einni hæð en ég myndi vilja sjá þjónustumiðstöð hér á tveimur hæðum með veitingasölu. Útsýnið væri stórfenglegt, ekki bara á blíðviðrisdegi. Að sjá brimið berja á Karlinum [50 til 60 metra hárléttur rétt fyrir utan Reykjanestána] í suðvestan hvasviðri er mjög tignarleg sjón. Brimketill er ekki svo langt héðan, það er sömuleiðis magnað að vera þar þegar brimið lemur á klettunum. Allt þetta svæði er þakið sögu, Ísland er hluti af Atlantshafshryggnum sem kemur upp úr Atlantshafinu og varð til í eldgosum á milljónum ára, það finnst ferðamanninum mjög merkilegt. Við erum með flekaskilin þar sem Ísland færir í sundur frá vestri til austurs um tvo sentimetra á hverju ári, tuttugu kílómetra á milljón árum, við erum með brú milli heimsálfa, við erum með Gunnu-hver og svona gæti ég lengi haldið

áfram. Ég er sannfærður um að ef alvöru innspýting kæmi inn á svæðið og svo ég tali nú ekki um þegar Grindavík opnar, að þá getur þetta orðið vinsælasti ferðamannastaður á Íslandi,“ sagði Guðmundur að lokum.



Þetta væri líka það besta fyrir svæðið, að hleypa ferðafólki inn. Jákvæð umfjöllun er það sem þetta svæði þarf. Ég heyrir á Grindvíkingum að það er hugur í þeim að byggja sitt flotta bæjarfélag aftur upp, svona lagað yrði mjög jákvæður hluti af slíkri uppbyggingu, ekki bara fyrir Grindavík heldur fyrir ferðapjónustu á Reykjanesinu, já eða öllu Íslandi ...



MYNDSKEIÐ  Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA



SUÐURNESJAMAGASÍN Á VEF VÍKURFRÉTTA, VF.IS



Í ÞESSARI VÍKU:
HLJÓMAHÖLL 10 ÁRA

ÖFLUGIR BAKHJARLAR

STYÐJA VIÐ DAGSKRÁRGERÐ SJÓNVARPS VÍKURFRÉTTA



RAFHOLT
www.rafholt.is

PORBJÖRN
Hafnargötu 12 - 240 Grindavík



ÚTVEGSMANNAFÉLAG
SUÐURNESJA



HS ORKA



Saltver



STUÐLABERG
FASTEIGNASALA



HLJÓMAHÖLL



SKIPASMÍÐASTÖÐ
NJARDVÍKUR hf.



HS VEITUR



Lagnabjónusta
Suðurnesja ehf.
Pípulagningaverktaki



REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is



SUÐURNESJABÆR



GRINDAVÍKURBÆR



VOGAR

Metnaðarfullur og stefnir á að verða flugmaður

Mikael Árni Friðriksson er á sautjándra ári og kemur úr Vogunum. Mikael er á framhaldsskólabraut í FS og hefur mikinn áhuga á fótbolta og að fara í ræktina. Framtíðarplön Mikaeles er að vera flugmaður.

Á hvaða braut ertu? Framhaldsskólabraut.

Hver er helsti kosturinn við FS? Félagslífið er gott, nánast allir vinir mínir eru í FS.

Hvaða FS-ingur er líklegur til að verða frægur og hvers vegna? Andri Snær, frægur entrepreneur.

Skemmtileg saga úr FS? Það er engin saga sem að kemur upp í hugann.

Hver er fyndnastur/fyndnust í skólanum? Jóhann Sævar.

Hver eru helstu áhugamálin þín? Fótbolti og ræktin.


Hvað hræðistu mest? Kóngulær.

Hvert er uppáhaldslagið þitt? Engill með Flóna.

Hver er þinn helsti kostur? Ég er góður í stærðfræði.

Hver er þinn helsti galli? Hárið er farið að þynnast.

Hvaða forrit eru mest notuð í símanum þínum? Snapchat.



FS-ingur vikunnar:

Nafn: Mikael Árni Friðriksson

Aldur: 16

Námsbraut: Framhaldsskólabraut

Áhugamál: Fótbolti og ræktin

Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks? Kærleikur.

Hver er stefnan fyrir framtíðina? Að verða flugmaður.

Ef þú ættir að lýsa sjálfum þér í einu orði hvaða orð væri það? Metnaðarfullur.

Þrautseig og tapsár

Aníta Rut Helgadóttir er fimmtán ára grindvísk körfuboltastelpa sem gengur í Njarðvíkurskóla. Hún kann að meta kurteisi í fari fólks og myndi taka með sér sundföt á eyðieyju til að tana. Aníta er ungmenni vikunnar.



Ungmenni vikunnar:

Nafn: Aníta Rut Helgadóttir

Aldur: 15 ára

Bekkur og skóli: 10. bekkur Njarðvíkurskóla.

Áhugamál: Körfubolti

Hvert er skemmtilegasta fagjið? Stærðfræði.

Hver í skólanum þínum er líklegur til að verða frægur og hvers vegna? Hulda María mun pottþétt vera þekkt fyrir sína hæfileika í körfubolta.

Skemmtilegasta saga úr skólanum: Ég er ekki búin að vera þar lengi en ein góð og fyndin er þegar íslenskukennarinn datt af stólum í tíma.

Hver er fyndnastur/fyndnust í skólanum? Helga Jara.

Hvert er uppáhaldslagið þitt? Baugar með Birni.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Vefja.

Hver er uppáhaldsbiómyndin þín? Anyone but you.

Hvaða þrjá hluti myndir þú taka með þér á eyðieyju og hvers vegna? Ég myndi vilja taka með mér mat svo ég deyi ekki úr hungri, vatn svo ég deyi ekki úr þorsta og sundföt til að tana og synda með fiskunum.

Hver er þinn helsti kostur? Mér er sagt að ég sé þrautseig.

Ef þú gætir valið þér einn ofurkraft til að vera með restina af ævinni, hvað myndir þú velja? Ég myndi vilja að geta flogið.

Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks? Kurteisi.

Hvað langar þig að gera eftir grunnskóla? Ég ætla í FS.

Stundar þú íþróttir eða aðrar tómstundir? Ég æfi körfubolta.

Ef þú ættir að lýsa sjálfri þér í einu orði hvaða orð væri það? Tapsár.



Alla leið á öruggari dekkjum

Bókaðu tíma í dekkjaskipti í N1 appinu



Skannaðu kóðann og náðu í N1 appið



Michelin Cross Climate 2

- Sumardekk fyrir norðlægar slóðir
- Öryggi og ending
- Halda eiginleikum sínum vel út líftímann
- Gott grip við allar aðstæður
- Endingarbestu sumardekkinn á markaðnum



Michelin Pilot Sport 5

- Sumardekk fyrir þá kröfuhörðustu
- Veita óviðjafnanlega aksturseginnleika
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Endingarbestu dekkinn í sínum flokki



Michelin e-Primacy

- Öryggi og ending
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Einstakir aksturseginnleikar
- Ferð lengra á hleðslunni / tanknum
- Kolefnisjafnaður flutningur frá framleiðanda

Hjólbarðapjónusta N1

Bíldshöfða	440 1318	Langatanga Mosfellsbæ	440 1378
Fellsmúla	440 1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440 1374
Réttarhálsi	440 1326	Grænásbraut Reykjanesbæ	440 1372
Ægisíðu	440 1320	Dalbraut Akranesi	440 1394
Klettagörðum	440 1365	Réttarhvammi Akureyri	440 1433



Samvinna um uppbyggingu í Helguvík og Bergvík

Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri Kadeco

Bergný Jóna Svevardsdóttir, sjálfbærnistjóri Kadeco

Vistvænt atvinnusvæði í Helguvík-Bergvík

Á vormánuðum 2023 kynnti Kadeco nýja þróunaráætlun fyrir nærsvæði Keflavíkurflugvallar, sem gengur undir nafninu K64. Nafnið var valið sem regnhlífarhugtak yfir þann fjölda verkefna sem hrint verður í framkvæmd á næstu árum og áratugum en nafnið vísar til staðsetningar Suðurnesja, á 64. breiddargráðu. Á Suðurnesjunum er að finna alþjóðaflugvöll, sem tengir saman tvær heimsálfur, stórskípa höfn, jarðvarma, iðnað af ýmsu tagi og síðast en ekki síst gríðarlega öflugt og hugmyndafrítt fólk. Allt þetta býr til tækifæri sem ekki er að finna annars staðar.

Eitt áherslusvæðanna í K64 er svæðið sem í daglegu tali er nefnt Helguvík og Bergvík. Þetta svæði tilheyrir sveitarfélögunum Suðurnesjabæ og Reykjanesbæ, ásamt Reykjaneshöfn og íslenska ríkinu. Þróunaráætlunin leggur áherslu á að svæðið byggist upp með eins vistvænum áherslum og hægt er þar sem nálægðin við Helguvíkurhöfn og Keflavíkurflugvöll verði nýtt til fulls.

Hafin er vinna við að skipuleggja Helguvík-Bergvík með það að markmiði að þar risi vistvænt athafna- og iðnaðarsvæði, þar sem áhersla á hringrásarhugsun og samvinnu leiðir til þess að heildin verður stærrí en einstakir hlutar hennar. Svæði sem þetta hafa



stundum verið kölluð grænir iðngarðar, eða hringrásargarðar þar sem sjálfbærni er tryggð með samþættingu félagslegra, efnahagslegra og umhverfislegra þátta. Þessu má lýsa þannig að hráefni sem fellur til frá einum aðila nýtist öðrum til verðmætasköpunar. Ferlið skilar betri nýtingu auðlinda, leiðir af sér samkeppnisforskot og eflir samfélagslega ábyrgð innan garðanna og í nærliggjandi samfélögum.

Starfsemi hefur verið rekin á svæðinu en nýjasta viðbótin eru grænir iðngarðar í ónotuðum kerskálum þar sem mörg spennandi verkefni eru á teikniborðinu og framleiðsla hafin nú þegar.

Samvinna og stuðningur

Þegar rætt er um uppbyggingu á svæðinu í kringum Helguvíkurhöfn verður ekki hjá því komist að tala um drauga fortíðarinnar. Það er mjög eðlilegt að íbúar á Suðurnesjum séu varir um sig þegar iðnaður í Helguvík ber á góma. Það er því afar mikilvægur hluti okkar vinnu að búa svo um hnútana að




sú uppbygging sem nú er unnið að, verði með allt öðru og betra móti en áður. Verkefnið er samvinnuverkefni Kadeco, Reykjanesbæjar, Reykjaneshafnar og Suðurnesjabæjar þar sem tilgangurinn er að búa til verkfæri og ramma sem nýtist við ákvarðanatöku og skipulag svæðisins og ýtir undir að uppbyggingin verði sveitarfélögunum, íbúunum og umhverfinu til góðs. Mikilvægur þáttur í þeirri vinnu er virkt samráð og samvinna með íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

Tækifæri til grænnar og arðbærrar uppbyggingar eru mörg og við höfum mikla trú á framtíðarmöguleikum Suðurnesja. Við erum ekki ein um að hafa þá trú. Í samtölum okkar við athafnafólk og fjárfesta, hér heima og erlendis, kemur skýrt fram að fleiri sjá þessa möguleika og vilja taka þátt í uppbyggingunni með okkur. Skýr framtíðarsýn og áhersla á samfélagslegan ágóða og uppbyggingu mun geta skilað árangri sem íbúar framtíðarinnar, börnin okkar og barnabörn munu búa að. Það er markmið sem er þess virði að vinna að.

Stöðugleiki í efnahags- og atvinnuálag er verðugt markmið og ein mikilvæg leið að slíkum stöðugleika er að fjölga þeim stöðum sem efnahagslíf svæða byggir á. Uppbygging í Helguvík og Bergvík miðar að því að þar verði til nýjar stöðir, ný tækifæri og starfsemi sem muni skapa verðmæt störf og styðja við nærliggjandi svæði og samfélög.

Kadeco ásamt samstarfsaðilum, Isavia, Reykjanesbæ og Suðurnes-

jabæ tekur þátt í stórsýningunni Verk og vit sem fram fer í Laugarðalshöll dagana 18.–21. apríl n.k. Á sameiginlegum sýningarbás verður hægt að kynna sér þróunarverkefni K64 nánar, uppbyggingu innan sveitarfélaganna og eiga samtöl við starfsmenn. Föstudaginn 19. apríl kl.13.00 fer fram málstofa sem ber yfirskriftina Suðurnes, tengingar til allra átta. Uppbygging og atvinnusköpun á Suðurnesjum og við Keflavíkurflugvöll.



Viðtöl við Suðurnesjafólk
Einnig í Hlaðvarpi Víkurfrétta á vf.is

Ársfundur 2024

Ársfundur Festu lífeyrissjóðs verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 28, mánudaginn 6. maí 2024 og hefst kl. 18.

Dagskrá fundar:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
3. Önnur mál

Í stjórn sjóðsins eru:

Kristín Magnúsdóttir, formaður
Eyrún Jana Sigurðardóttir, varaformaður
Sigurður Ólafsson
Silja Eyrún Steingrimsdóttir
Órvar Ólafsson
Pór Hreinsson

Framkvæmdastjóri:

Gylfi Jónasson

	2023	2022
Breytingar á hreinni eign:		
Iðgjöld	16.448	14.195
Lífeyrir	-7.480	-6.050
Hreinar fjárfestingatekjur	19.714	-3.242
Rekstrarkostnaður	-456	-423
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris	28.227	4.480
Hrein eign frá fyrra ári	251.987	247.507
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	280.214	251.987
Efnahagsreikningur:		
Eignahlutir í félögum og sjóðum	146.295	135.892
Skuldabréf og aðrar fjárfestingar	126.540	110.479
Fjárfestingar	272.834	246.371
Kröfur	3.198	2.141
Innlán og aðrar eignir	4.347	3.597
Viðskiptaskuldir	-166	-121
Annað	7.380	5.617
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	280.214	251.988
Ýmsar kennitölur		
Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar	7.5%	-1.4%
Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar	-0.5%	-9.8%
Hrein raunávöxtun. meðaltal síðustu fimm ára	3.7%	4.3%
Hrein raunávöxtun. meðaltal síðustu tíu ára	4.2%	4.8%
Tryggingafræðileg staða	-4.4%	-4.6%

* fjárhæðir í milljónum króna

Ársfundurinn er opinn öllum sjóðfélögum en einnig verður hægt að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu meðan á honum stendur. Þeir sjóðfélagar sem hyggjast nýta sér það eru beðnir um að skrá sig á festa@festa.is í síðasta lagi kl. 12 á aðalfundardegi og fá þá uppgefna slóð til að tengjast.

Ávöxtun séreignardeildar 2023

Hrein eign séreignardeildar nam 1.477 milljónum króna í árslok 2023, þ.a. námu eignir sparnaðarleidar II 1.326 milljónum króna. Hrein nafnávöxtun sparnaðarleidar I, sem hóf starfsemi á miðju ári 2018, nam 2,74% eða -4,88% í hreina raunávöxtun. Sparnaðarleid II skilaði 11,22% í hreina nafnávöxtun eða 2,97% í hreina raunávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sparnaðarleidar II undanfarin tíu ár er 2,49%.

Sími: 420 2100 - netfang: festa@festa.is



Skólamat ehf. í Reykjavíki tók í notkun glæsilega viðbyggingu á síðasta ári en fyrirtækið þjónustar yfir úttatíu og fimm skóla á Reykjavísi og á höfuðborgarsvæðinu.



KYNNING.

Kæling

„Áætlanir gera ráð fyrir að raforkunotkun kællausna verði allt frá 50 til 70% minni hjá Skólamat með nýrri kællausn í samanburði við eldri útfærslur.“

Skólamatur með svala nálgun í umhverfismálum

Allt að 70% minni raforkunotkun með nýjum kællausnum í einu stærsta og fullkonnasta eldhúsi landsins

Skólamatur er framsækið fyrirtæki sem starfrækir eitt stærsta eldhús landsins. Fyrirtækið snertir líf fjölmargra á hverjum einasta degi með jákvæðum hætti. Umsvif fyrirtækisins hafa aukist jafnt og þétt undanfarin ár sem kallaði á stækkun húsnæðis og meiri kælligetu til að standa undir auknum fjölda máltíða sem fyrirtækið afgreiðir á hverjum degi.

Yfir 23.000 máltíðir og millimál á dag

Í dag þjónustar Skólamatur yfir 85 skóla á Reykjavísi og höfuðborgarsvæðinu með yfir 23.000 máltíðir og millimál á dag fyrir leik- og grunnskólabörn. Kröfurnar um stærra og hentugra húsnæði voru því orðnar aðkallandi eftir vöxt undanfarinna ára.

Eitt fullkonnasta og afkastamesta eldhús landsins

Metnaður fyrirtækisins birtist strax við upphaf hönnunar á stærra húsnæði. Nálgunin var að vinna náði með fyrirtækjum sem hafa ólíka sérfræðiþekkingu á lykilkþáttum við meðhöndlun matvæla og framkvæmda. Frá móttöku hráefna til útkeyrslu máltíða var leitast eftir bestu og hagkvæmstu lausnum frá hverju fyrirtæki en ekki bara það heldur að fá þessi fyrirtæki og þeirra lausnir til að vinna vel saman. Það er umtalað meðal forsvarsmanna þeirra fjölmörgu fyrirtækja og verktaka sem komu að verkinu að það hafi tekist einstaklega vel og samstarf milli fyrirtækja hafi verið árangursríkara en í flestum öðrum og má þakka það jákvæðri og faglegri nálgun stjórnenda hjá Skólamat.

Umhverfissvænir lausnir og orkusparnaður í fyrirrúmi

Stjórnendur hjá Skólamat láta umhverfismál sig miklu varða sem og að halda rekstrarkostnaði í lágmarki þannig að hægt sé að bjóða mat til skólabarna á sem hagstæðustu verði. Með þessi atriði að leiðarljósi var leitað til Kælingar ehf. sem sérhæfir sig í hönnun og innleiðingu á orkusparandi og umhverfissvænum nútíma kællausnum.

Flókið kælliumhverfi gert einfalt og hagkvæmt

Strax í upphafi var ljóst að verkefnið hjá Skólamat væri stórt og fjölbætt enda mikilvægt að tryggja rétta kællingu á ólíkum aðföngum fyrir allar þær máltíðir sem fara í gegn daglega. Ólík vinnslustig kalla einnig á ólíkar kællieidir. Með nánú samstarfi Kælingar og Skólamatar var niðurstaðan heildstæð kællilausn sem tryggir að öll matvæli sem þurfa kællingu eru geymd og meðhöndluð við hárrétt hitastig frá upphafi ferilsins þar til maturinn er afgreiddur í hverjum skóla.

Miðlægt kerfi sem stýrir mörgum ólíkum kællirýmum

Hvernig er hægt að hámarka kællifærslu á mörgum stöðum en á sama tíma spara raforku? Hjá Skólamat eru mörg ólík rými í ólíku húsnæði sem þurfa að vera með mismunandi hitastigi og kællihraða. Niðurstaðan var stórt miðlægt kerfi sem annar nánast allri kællingu í öllum rýmum og húsnæðum með örfáum undantekningum í sérstökum rýmum sem eru alveg sjálfstæð.

Með þessari uppsetningu náðist mikill sparnaður við kaup á kællibúnaði þar sem kælliberandi efni eru leidd á milli húsa frá öflugu miðlægu kerfi í stað þess að vera með mörg minni sjálfstæði kerfi fyrir hvert rými og hvern klefa.

Fullkomin stjórnun og eftirlit í gegnum fjartengingar

Kællikerfin og stjórnubúnaður hjá Skólamat eru mjög tæknilega fullkomin með stöðugu stafrænu eftirliti þar sem fylgst er m.a. með hitastigi, þrýstingi á kerfum, flæði, hraða, opnunum, lokunum og öðrum lykilkþáttum. En upplýsingar um alla þessa þætti eru skráðar í miðlægan gagnagrunn sem hægt er



Jón og Fanný Axelsbörn, aðalstjórnendur Skólamatar ehf. í Reykjavíki.

ad nýta til skýrslugerðar og greina ef einhver frávik koma upp.

Hvert og eitt rými hefur ákveðna ábyrgðaraðila sem fá sjálfvirkt sendar skýrslur með kællingu og þróun hennar í hverju rými. Hægt er að sérsníða skýrslur að þörfum og ábyrgðarviði ólíkra ábyrgðaraðila. Einnig skilar kerfið skýrslum fyrir samskipti við opinbera eftirlitsaðila og upplýsingagjöf til þeirra.

Stjórnubúnaður er nettengdur og öll vöktun stafræn. Hægt er að tengja búnaðinn við öryggiskerfi og eða beinu viðbragðsafla hjá Kælingu sem getur með skjóttum hætti tengst kerfum til að kanna stöðu mála og jafnvel framkvæmt viðgerðir í gegnum fjartengingar.

Allt að 70% minni raforkunotkun

Áætlanir gera ráð fyrir að raforkunotkun kællilausna verði allt frá 50 til 70% minni hjá Skólamat með nýrri kællilausn í samanburði við eldri útfærslur. Raforkusparnaður eru mikilvæg skref þegar nýting raforku fer vaxandi og framboð ekki náð að fylgja aukinni eftirspurn. Samkvæmt samtali við Atla Stein, framkvæmdastjóra Kælingar, hefur verið mikil aukning í verkefnum þar sem eldri kællikerfi og kællirými eru uppfærð með nútíma lausnum til þess bæði að ná út freoni og áhættunni sem því fylgir en einnig til þess að stórmínka raforkunotkun og auka rekstraröryggi.

Skólamatur sýnir í verki að þeim er umhugað um umhverfismál

Til að standast kröfur um umhverfissvænir lausnir þarf margt að koma til, m.a. umhverfissvæn efnisval fyrir kællirými til að tryggja hámarks einangrunargildi og hreinlæti, og svo hins vegar að velja afkastamikinn og umhverfissvænan kællibúnað til að kæla niður rýmin. Öll kællikerfin

hjá Skólamat byggja á nýrri umhverfissvænni tækni þar sem Co2-kolsýra er notuð sem kællimiðill í stað eldri óumhverfissvænna og jafnvel hættulegra kællimiðla. Stjórnendur hjá Skólamat hafa með því að velja umhverfissvæna og orkusparandi kællilausn frá Kælingu sýnt það í vilja og verki að þeim er mjög umhugað um umhverfismál.



Tækifæri fyrir öll fyrirtæki að taka umhverfissvæn skref

Freonið minnkað um allt að 80% á eldri kerfum.

Kæling býður upp á Hybrid leið fyrir eldri kællikerfi en með þeirri leið er dregið verulega úr notkun á dýrum og óumhverfissvænum kællimiðlum líkt og freon um allt að 80%. Í staðin fyrir freon er notað Co2 sem kuldberandi efni um lagnir kællikerfisins. Þetta er afar áhrifarík leið sem dregur einnig verulega úr raforkunotkun og áhættu á dýrum umhverfissvænum líkt og að missa freon út af kerfum.

Lagnir í kællikerfum tærast í mörgum tilfellum með aldrinum

og því sækjast stjórnendur, sjávarútvegsfyrirtækja, fyrirtækja í matvælaíðnaði, verslunum, hótélum og veitingastöðum mikið eftir því að taka þessi mikilvægu skref í umhverfis- og öryggismálum fyrirtækja.

Fyrirtæki geta því valið að taka umhverfis- og rekstrarmálin alla leið leið líkt og Skólamatur þegar kemur að kællimálum eða velja minni skref þar sem eldri fjárfesting er nýtt að hámarki og mjög stór umhverfissvæn skref tekin í rétta átt.





Frá ráðstefnunni í Hljómahöll sem haldin var 9. apríl síðastliðinn.

Fyrsta skrefið í kröftugu samstarfi milli kvenna í orkumálum

FKA Suðurnes undirritaði nýverið samstarfssamning (MOU) við WIRE, Canada. Samstarfið byggist á því að miðla þekkingu og reynslu milli landanna ásamt því að styrkja tengsl og viðskiptasambönd tengd sameiginlegi viðburðurinn var haldinn þann 9. apríl í Hljómahöll-Suðurnes stýrir verkefninu fyrir hönd FKA. Viðburðurinn er aðeins starfi milli kvenna í orkumálum.

Fyrirlesararnir voru bæði íslenskar og kanadískar konur sem starfa í orkugeiranum, en sendiherra Kanada á Íslandi, Jeannette Menzies, setti viðburðinn. Erindi viðburðarins voru þó nokkur en meðal annars flutti Fida Abu Libdeh, stofnandi og framkvæmdastjóri Geo Silica Iceland og formaður FKA Suðurnes, erindi um starfsemi Geo Silica Iceland og útskýrði hvernig fyrirtækið notar sjálfbæra leið til

að nálgast steinefni. Grace Quan, forstjóri Hydrogen in Motion, flutti erindi um starfsemi Hydrogen in Motion og útskýrði fyrir fundargestum muninn á vetni og jarðefnaeldsneyti sem orkugjafa.

Lilja Magnúsdóttir, deildarstjóri Auðlindastýringar hjá HS Orku flutti erindi um framtak og verkefni HS Orku að þróun í orku sjálfbærni. Halla Hrund Logadóttir, orkumálastjóri flutti lokaorð við-



burðarins þar sem hún fjallaði um hlutverk Íslands í að vera leiðandi í grænum orkumálum og hlutverk kvenna í að móta þær áætlanir.

Tengslamyndun milli fundargesta og fyrirlesara tók svo við í lok

viðburðar, þar var sammælt um að þessi viðburður var einungis fyrsta skrefið í kröftugu og spennandi samstarfi milli kvenna í orkumálum.

UM FKA SUÐURNES

FKA Suðurnes var stofnað í nóvember 2021 af Fidu Abu Libdeh, frumkvöðli og stofnanda Geo Silica Iceland, og Guðnýju Birnu Guðmundsdóttur, stjórnarformanni HS Veitna og forseta bæjarstjórnar Reykjaneshæjar. FKA Suðurnes vill nýta styrkleika sem felst í fjölbreytileika samfélagsins á Suðurnesjum með því að styðja konur í að sækja fram og sameina þær til aukins sýnileika og þátttöku. Tilgangur landsbyggðardeildar Suðurnesja er að sameina konur á Suðurnesjum í því skyni að auka þátt kvenna í störfum og stjórnun auk þess að leggja áherslu á nýsköpun og eflingu atvinnutækifæra. Allar konur á Suðurnesjunum eru hvattar til þess að kynna sér og ganga í félagið.

Starf í boði hjá Álnabæ

Vinsamlegast hafið samband við verslunarstjóra.

Álnabær

Opið frá 11.00 til 17.00 alla virka daga.

Störf í boði hjá Reykjaneshæ

- Akurskóli** - Taler du dansk?
- Akurskóli** - Tómstundafulltrúi
- Drekadalur** - Aðstoðarleikskólalastjóri
- Heiðarskóli** - Skólalastjóri
- Njarðvíkurskóli** - Hönnun og smíði
- Stapaskóli** - Kennari á miðstigi
- Stapaskóli** - Kennari á yngsta stig
- Tjarnarsel** - Leikskólakennarar

Umhverfismiðstöð - Yfirflokstjóri sumarstarfa
Velferðarsvið - Heima- og stuðningsþjónusta, samaraffleysingar

Viltu starfa hjá Reykjaneshæ? Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjaneshæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTTILEIKANS



Gerðu það sem þú vilt!

Leiklistarval Heiðarskóla styrkti Krabbameinsfélag Suðurnesja.


Á árs hátíð Heiðarskóla rétt fyrir páska, frumsýndi Leiklistarval Heiðarskóla leikritið „Gerðu það sem þú vilt“ sem Bryndís Jóna Magnúsdóttir, fráfarandi skólalastjóri, skrifaði. Esther Inga Níelsdóttir, Daníella Hólm Gísladóttir og Guðný Kristjánsdóttir leikstýrðu verkinu en þær hafa haft veg og vanda að uppsetningum leikrita undanfarin ár.

Leikritið fjallar um unglinga, hvað þá langar að gera í lífinu og að gott sé að standa með sjálfum sér. Verkið er samið og sett upp í tilefni 25 ára afmælis Heiðarskóla

á þessu ári og tekin eru fyrir lög úr eldri verkum sem sýnd hafa verið.

Sú fallega hefð hefur skapast í Heiðarskóla að halda eina styrktarsýningu og styðja við eitthvað gott málefni. Alls söfnuðust 72.000 krónur sem renna til Krabbameinsfélags Suðurnesja.

Margrét Sturlaugsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Suðurnesja, veitti styrknum mótöku í lok sýningar og þakkaði nemendum og starfsfólki fyrir þetta fallega framtak og rausnalega styrk.



Lið Holtaskóla.



Holtaskóli vann með minnsta mun

Lokaviðureign spurningakeppni grunnskóla Reykjanesbæjar fór fram í Bergi í síðustu viku og mættust lið Holtaskóla og Akurskóla. Eftir æsi-spennandi keppni stóð lið Holtaskóla uppi sem sigurvegarar með 25 stig á móti 24 stigum Akurskóla.

Í liði Holtaskóla voru þau Guðbjörg Sofie Ívarsdóttir, Matthías Leon Birkisson og Matthías Sigurþórsson. Keppendur Akurskóla voru Kári Ásmundsson, Viktor Þórir Einarsson og Ísak Máni Karlsson.



Lið Akurskóla varð í 2. sæti, einu stigi á eftir Holtaskóla.

Aðalfundur

Aðalfundur Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis 2024 verður haldinn í Krossmóa 4, 5. hæð fimmtudaginn 24. apríl kl. 20.00.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf
Kosning í fulltrúaráð FESTA
Önnur mál

Kaffiveitingar verða á fundinum og við hvetjum félagsmenn til að fjölmenna á fundinn.

Stjórnin.



Verkalýðs- og sjómannafélag
Keflavíkur og nágrennis

Við verðum á Verk og vit um helgina

Á sameiginlegum sýningarbás geta gestir kynnt sér fjölbreytt þróunarverkefni K64, uppbyggingaráform við Keflavíkurflugvöll og innan sveitarfélaganna. Við vonumst til að sjá sem flesta íbúa Suðurnesja.

Sjáumst um helgina,
Kadeco, Isavia, Reykjanesbær
og Suðurnesjabær

Nánari upplýsingar á verkogvit.is

Stórsýningin
Verk og vit 
2024 Íslenskur byggingariðnaður,
skipulagsmál og mannvirkjagerð
Laugardalshöll 18.–21. apríl



KADECO KEF

Átta Grindvíkingar fengu heiðursviðurkenningar

■ Sjálfbodaliðar heiðraðir með listaverki. ■ „Við þurfum að undirbúa nýjar kynslóðir undir komandi verkefni þar sem sjálfbodastarf verður áfram mikilvægt“

Átta Grindvíkingum voru afhentar heiðursviðurkenningar í tilefni af 50 ára kaupstaðarafmæli Grindavíkurbæjar á hátíðarfundum bæjarstjórnar Grindavíkur þann 10. apríl sl. Öll hafa þau skilað umfangsmiklu og mikilvægu framlagi til samfélagsins í Grindavík og verið öðrum til fyrirmyndar, eins og fram kom við athöfnina.

Þau sem hlutu viðurkenningar eru:

Aðalgeir Georg Daði Johansen hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi störf í þágu menningarmála í Grindavík.

Birna Bjarnadóttir hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi störf í þágu mannúðar- og menningarmála í Grindavík.

Björn Birgisson hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi störf í þágu menningarmála í Grindavík.

Guðfinna Bogadóttir hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi störf í þágu mannúðar- og menningarmála í Grindavík.

Gunnar Tómasson hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi störf í þágu atvinnu-, félags- og menningarmála í Grindavík.

Jónas Þórhallsson hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi störf í þágu íþróttamála í Grindavík.

Kristín Elísabet Pálsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi störf í þágu barna- og menningarmála í Grindavík.

Stefanía Ólafsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi störf í þágu fræðslu- og uppeldismála í Grindavík.

Á vef Grindavíkurbæjar má finna nánari upplýsingar um þau sem hlutu heiðursviðurkenningu og störf þeirra í þágu samfélagsins í Grindavík.

Á hátíðarfundinum var einnig tilkynnt að bæjarstjórn hafi ákveðið að kaupa listaverk til áminningar um mikilvægt framlag sjálfbodaliða til uppbyggingar samfélagsins í Grindavík í fortíð, nútíð og framtíð. Listaverkið er þakklætisvottur til þeirra Grindvíkinga sem í gegnum tíðina hafa ráðstafað tíma sínum og orku í þágu heildarinnar en um leið hvatning til að halda áfram á sömu braut.



Handhafar heiðursviðurkenninga ásamt forseta Íslands, Guðni Th. Jóhannessyni. Ljósmyndir: Ingibergur Þór Jónasson

Skal verkið sett upp utandyra og á áberandi stað í sveitarfélaginu.

Fram kom í máli Ásrúnar Kristinsdóttur, forseta bæjarstjórnar, að bæjarfélagið Grindavík væri ríkt af sjálfbodaliðum sem á hverjum degi verja tíma sínum í margvísleg verkefni af umhyggju og einstakri ósérhlífni. Ásrún sagði jafnframt:

„Við þurfum að hlúa vel að sjálfbodastarfinu svo það haldi áfram að vera eftirsóknarvert. Við þurfum að undirbúa nýjar kynslóðir undir komandi verkefni þar sem sjálfbodastarf verður áfram mikilvægt.“

Á fundinum kom fram að bæjarstjórn muni vinna málið áfram í samvinnu við félagasamtök í Grindavík.

Undir lok fundar voru sjálfbodaliðum færðar bestu þakkir fyrir sín störf og var klappað fyrir þeirra framlagi til samfélagsins.



Forsetahjónin ásamt bæjarstjórn Grindavíkur og bæjarstjóra eftir hátíðarfundinn.



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, var sérstakur gestur hátíðarfundarins ásamt eiginkonu sinni, Elízu Reid. Í ávarpi sínu rakti Guðni að hann hafi flest ár í forsetatíð sinni heimsótt Grindavík í opinberum erindagjörðum. Í hvert sinn fann hann þann kraft, þá elju og þá samkennd sem ríkir í Grindavík. Færði hann Grindvíkingum hlýjar kveðjur fyrir hönd allrar þjóðarinnar. Lauk hann ræðu sinni á orðunum „við gefumst ekki upp“.



50 ára afmæli Grindavíkurbæjar

SUÐURNESJA
magasín

Afmæli Grindavíkur er gert góð skil í síðasta þætti.

MYNDSKEIÐ

TÓNLISTARSKÓLI REYKJANESBÆJAR

LÚÐRASVEITARTÓNLEIKAR OG PÍANÓKONSERT

Lúðrasveit verkalýðsins heldur tónleika í Stapa, Hljómahöll, næstkomandi sunnudag, þann 21. apríl, kl.16:00. Tónleikarnir eru afrakstur samstarfs lúðrasveitarinnar og Tónlistarskóla Reykjanesbæjar í vetur.

Einleikari á píanó er Jakob Piotr Grybos píanónemandi við skólann.

Stjórnandi Lúðrasveitar verkalýðsins er Karen J. Sturlaugsson.

Aðgangur er ókeypis og allir innilega velkomnir. Gengið er inn um andyri Stapa. Íbúar Reykjanesbæjar og aðrir Suðurnesjamenn eru eindregið hvattir til að fjölmenna á þessa einstöku tónleika. Sjá nánar á vef Víkurfretta og vef Tónlistarskólans.

Skólastjóri



Styrktartónleikar Regnbogaradda í Keflavíkirkirkju

Regnbogaraddir er barnakór Keflavíkirkirkju og er kórinn að leggja lokahönd á undirbúning fyrir styrktartónleika sem haldnir verða í kirkjunni sunnudaginn 21. apríl kl. 17:00. Kórinn er leiddur af Freydísi Kneif Kolbeinsdóttur, kórstjóra, og Arnóri Vilbergssyni, organista Keflavíkirkirkju.

Í stuttu viðtali sagði Freydís að fólk mætti búast við skemmtilegum og fjölbreyttum tónleikum þar sem lagalistinn er blanda af vinsælustu lögum kórsins síðastliðin tvö ár ásamt því að nokkur ný spennandi lög hafi bæst við. Ástæðan fyrir tónleikunum er sú að kórinn stefnir á kóramót í Danmörku, nánar tiltekið í Fredericia á Jótlandi. Kórinn mun þar saminast fjölda annarra efnilegra kóra

af Norðurlöndunum og æfa í saminningu þessi nýju lög sem nú eru sungin af kórnum í fyrsta skiptið. Einnig hefur Regnbogaröddum verið boðið að syngja á minnst tveimur stöðum þar sem kórinn mun flytja sín lög fyrir heimamenn. Mikil spenna er fyrir styrktartónleikunum en þeir eru síðasti liður í fjáröflun fyrir ferðinni. Miðinn kostar 1500 krónur og fer miðasala fram á staðnum fyrir tónleikana.



Sjólust, hús Unu Guðmundsdóttur, við Gerðaveg í Garði.

Ljóðasamkeppni Dagstjörunnar 2024

Hollvinafélag unu Guðmundsdóttur í Garði hefur um árabíl efnt til ljóðasamkeppni meðal grunnskólabarna. Keppnin ber heitið **Dagstjarnan**, eftir fallegu blómnum, dagstjörnunni, sem uxu svo vel í litla garðinum við húsið hennar Unu í Sjólust.

Markmið stjórnar félagsins er að þátttaka í ljóðasamkeppninni verði aftur eins og litli garðurinn hennar Unu, þ.e.a.s. að ljóðin verði eins og ótal margar dagstjörnur við Sjólust. Ljóðasamkeppnin er ætluð öllum íbúum sveitarfélagsins og bjóðum við sérstaklega alla nemendur í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins velkomna til þátttöku.

Ekki er sérstakt þema þetta árið og er því yrkisefni frjálst val höfunda.

Dómnefnd mun fara yfir ljóðin og velja þau bestu. Verðlaun verða veitt á sumardaginn fyrsta þann 25. apríl nk. Vinsamlegast sendið ljóðin í umslagi og nafn höfundar í öðru umslagi inni í því. Skila skal ljóðunum fyrir 22. apríl á bæjarskrifstofu Suðurnesjabæjar, Sunnubraut 4, 250 Garði.

Stjórn Hollvinafélags Unu Guðmundsdóttur í Sjólust.



Halla 2024
TÓMASDÓTTIR

Kæru Keflvíkingar!

Halla Tómasdóttir forsetaframbjóðandi og eiginmaður hennar, Björn Skúlason, heimsækja Keflavík og vonast til að eiga samtöl við sem flest.

**ÞAU HJÓNIN BJÓÐA TIL FUNDAR KL. 17:00
MÁNUDAGINN 22. APRÍL
HÓTEL KEFLAVÍK, VATNSNESVEGI 12-14**

Opinn viðburður og gott tækifæri til að kynnast Höllu og því sem hún standur fyrir.

Sjáumst á
mánudaginn!

STARFSMAÐUR Á REKSTRARSVIÐI



Skólamatúr ehf óskar eftir að ráða starfsmann á rekstrarsvið.

Starfsstöð er á lðavöllum 1 í Reykjanesbæ og vinnutíminn er milli 8:00-16:00 alla virka daga.

Helstu verkefni og ábyrgð

Meginhlutverk og ábyrgðasvið starfsmanns á rekstrarsviði eru innkaup, áætlunargerð og samskipti.

Starfsmaður er í miklum samskiptum við starfsfólk leik- og grunnskóla og hefur umsjón með netfanginu pantanir@skolamatur.is

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af áætlunargerð.
- Þekking á excel og tölvuþekking
- Skipulagshæfni
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.

Með umsókn skal fylgja ferilskrá.

Öll kyn eru hvött til að sækja um starfið.

Óskað er eftir að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Fyrirspurnir um starfið berist á netfangið guðrun@skolamatur.is


Umsóknir berist í gegnum Alfreð.

Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Skólamatúr ehf er fjölskylduvænt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu og framreiðslu á máltíðum fyrir mikilvægasta fólkið.



Sjónvarp Víkurfrétta er í snjallsjónvarpinu þínu



Smelltu á YouTube og leitaðu að **Sjónvarp Víkurfrétta**.

Þegar þú hefur fundið rásina smellir þú á **Í ÁSKRIFT**

Auðvitað er áskriftin að Sjónvarpi Víkurfrétta ókeypis!



Alma Rós Magnúsdóttir vakti athygli í Bestu deildinni á síðasta tímabili en hún er fædd árið 2008. VF/JPk

Keflavíkurliðið er ungt

„Þær eiga eftir að fá margar mínútur í sumar,“ segir Jonathan Glenn um unga leikmenn kvennaliðs Keflavíkur.

Keflavík á eina liðið á Suðurnesjum sem leikur í efstu deild þetta árið en Keflavík tryggði sæti sitt í Bestu deild kvenna með góðri frammistöðu í lok tímabilsins. Jonathan Glenn er á öðru ári sínu með liðið og hann er vongóður um að liðið eigi eftir að sýna enn betri árangur í sumar en í fyrra.



„Veturinn hefur lofað góðu. Við byggðum upp í kringum þann góða kjarna sem við höfum af ungum Keflvíkum, ungum leikmönnum sem við viljum hjálpa að þroska sig sem toppleikmenn framtíðarinnar,“ segir Jonathan og bætir við að ungu leikmennirnir hafi fengið mörg tækifæri og margar mínútur á undirbúningstímabilinu; „og þær eiga eftir að fá margar mínútur í sumar.“

Leikmenn smella saman

Jonathan segir að hann sé mjög ánægður með hvernig ungu leikmennirnir hafa tekist á við að þurfa að þroskast hratt og þá falli nýju leikmennirnir vel inn í hópinn. „Keflavíkurliðið er ungt og ég er mjög ánægður með hvernig nýir leikmenn eru að falla inn í hópinn. Þeir erlendir leikmenn hafa gengið til liðs við okkur, framherjinn Saorla Miller, bakvörðurinn Sue Friedrichs sem spilaði með Selfossi tvö tímabil og Elianna Beard en hún er sóknardjarfur miðjumaður með reynslu úr meistardeildinni og lék með Grindavík árið 2021. Þær hafa virkilega styrkt hópinn, eru góðir leikmenn að vinna með og falla vel inn í hópinn.“



Saorla Miller, Sue Frjédriks og Elianna Beard. Keflavík á Facebook

Njarðvíkingar senda öðru sinni kvennalið til leiks

„Rökrétt skref að yngja leikmannahópin í ár,“ segir Dagmar Þráinsdóttir, þjálfari Njarðvíkur.



Knattspyrnudeild UMFN sendi kvennalið í fyrsta skipti til þátttöku í bikarkeppni KSÍ á síðasta tímabili. Kvennalið Njarðvíkur fékk þá nágranna sína Grindavík í heimsókn og má segja að Njarðvíkurkonur hafi staðið sig hetjulega í frumraun liðsins þótt gestirnir hafi unnið



Njarðvíkingurinn Kolbrún Dís Snorradóttir er ein af ungu og efnilegu leikmönnum liðsins en hún er fædd árið 2008. VF/JPk

leikinn. Nú ári síðar tekur Njarðvík aftur þátt í bikarkeppninni og mætir ÍH næstkomandi sunnudag klukkan 14 á útigervigrasinu við Nettóhöllina. Dagmar Þráinsdóttir, þjálfari Njarðvíkur, segir að tölverðar breytingar hafi orðið á leikmannahópnum.

„Leikmannahópurinn í ár er töluvert breyttur frá því í fyrra og nú skipa fleiri ungar og efnilegar knattspyrnukonur hópinn í bland við nokkrar eldri og reynslumeiri,“ segir Dagmar.

„Markmiðið er að senda lið til leiks á Íslandsmótið í knattspyrnu á næsta ári og því rökrétt skref að yngja leikmannahópin í ár með leikmönnum sem gætu mögulega spilað með liðinu í 2. deild á næsta ári ef allt gengur upp.“

Uppgangur kvennaknattspyrnunnar í Reykjanesbæ er búinn að vera ævintýrlegur undanfarin ár og Dagmar segir þetta vera enn eitt skrefið í þeirri vegferð að bæjarfélagið eignist lið í 2. deild þar sem ungar og efnilegar knattspyrnukonur fá tækifæri til að stíga sín fyrstu skref í meistaraflökki.

Kjarninn í liðinu er heimamenn

„Ef þú ert nógu góður þá spilarðu,“ segir Haraldur Freyr Guðmundsson, þjálfari Keflvíkinga.



Eftir fall úr Bestu deildinni á síðasta tímabili leika Keflvíkingar nú í Lengjudeild karla í fyrsta sinn síðan árið 2020 en þá höfnuðu þeir í efsta sæti deildarinnar. Haraldur Freyr Guðmundsson, þjálfari Keflvíkinga, er þeirrar skoðunar að Keflavík eigi að eiga lið í efstu deild svo hann hefur eflaust hug á að fara beint upp aftur. Karlalið Keflavíkur mætir Breiðablik í 32-liða úrslitum Mjólkrubikarsins þann 24. apríl næstkomandi og síðan hefst Lengjudeildin 3. maí. Keflavík er þessa dagana í Salou á Spáni þar sem verið er að finnstilla liðið fyrir keppnistímabilið.

Sami Kamel og Axel Ingi Jóhannesson fagna marki Kamel gegn Val í fyrra, þeir eru mikilvægir leikkir í liðinu. VF/JPk



„Það er tilhlökkun í manni að byrja þetta,“ segir Haraldur þar sem hann var staddur í Salou sem er rétt hjá Barcelona. „Við ætlum að taka góða viku hér í Salou til að leggja lokahönd á undirbúninginn og svo byrjar ballið.“

Hver eru helstu markmið ykkar í sumar?

„Það hefur nú ekkert verið rétt neitt sérstaklega. Við förum í alla leiki til að vinna og sjáum svo hverju það skilar okkur. Það er mín skoðun að Keflavík eigi að eiga lið í efstu deild en það hefur engin krafa komið frá stjórninni um það að fara upp. Þetta nýja fyrirkomulag með umspil liðanna í öðru til fimmta sæti getur breytt heilmiklu. Sjáum bara Aftureldingu sem var á toppnum nánast allt tímabilið í fyrra en endaði svo á að komast ekki upp.“

Byggja á heimamönnum

Keflavík vann Víking Ólafsvík í annarri umferð Mjólkrubikars karla í síðustu viku og þá voru það ungu leikmennirnir sem skoruðu mörkin; Stefán Jón Friðriksson, Valur Þór Hákonarson og Axel Ingi Jóhannesson, allir fæddir árið 2006.

Þú ert með frekar ungt lið í höndunum. Ertu alveg að treysta þeim fyrir verkefnum?

„Það er enginn of ungur eða of gamall til að spila. Ef þú ert nógu góður þá spilarðu, það er svo einfalt,“ segir Haraldur. „Nokkrir af þessum strákum fengu að spreyta sig í efstu deild í fyrra og stóðu sig vel. Axel Ingi lék til dæmis megnið af leikjunum og skilaði sínu. Þá stóð Ásgeir Orri [Magnússon] í markinu í tveimur síðustu leikjunum í fyrra og hann fær að eiga sviðið í sumar. Kjarninn í liðinu er heimamenn, bæði ungir en líka reynslumiklir leikmenn, það er samkeppni um stöður,“ segir Haraldur.

Gunnlaugur Fannar Guðmundsson gekk til liðs við Keflavík á nýjan leik fyrir nokkrum dögum. Var ekki kærkomið að fá þann reynslubolta inn í hópinn?

„Gunnlaugur óskaði eftir að fá að æfa með okkur eftir að hann fór frá Fylki, fljótlega fór okkar samtal í gang og ákvörðun tekin um að hann verði með okkur í sumar. Hann kemur auðvitað með mikla reynslu inn í liðið – og þá sérstaklega úr þessari deild.“

Framherjinn öflugur, Stefan Alexander Ljubicic, samdi við sænska B-deildarliðið Skövde í lok síðasta mánaðar og Haraldur segir að verið sé að leita að nýjum framherja í hans stað.

„Vissulega er slæmt að missa Stefan úr liðinu svona skömmu fyrir mót en vonandi gengur honum vel í Svíþjóð. Vissulega þurfum við að bæta við okkur framherja en núna erum við að skoða kantmann frá Angóla sem er að æfa með okkur hérna í Salou,“ sagði Haraldur að lokum.



Leikmenn Keflavíkur kvarta ekki yfir veðráttunni í Salou þar sem þeir eru staddir þess dagana. Á efri myndinni er þjálfarateymið, Ómar Jóhannsson, Haraldur Freyr og Hólmur Örn Rúnarsson.



Úrslit leikja og íþróttafréttir birtast á vf.is

ÍÞRÓTTIR

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is





Fjórðungsveitirnar stóru sig frábærlega eins og aðrir keppendur ÍRB.

TUTTUGU ÍSLANDSMEISTARATITLAR

Tólf Íslandsmeistaratitlar og átta Íslandsmeistaratitlar í unglingsflokki var það sem sundlið ÍRB kom með til Reykjanesbæjar að loknu Íslandsmóttinu í sundi í 50 metra laug.



Guðmundur Leo Rafnsson.

Guðmundur Leo Rafnsson og Eva Margrét Falsdóttir fóru fyrir sigursælu liði ÍRB á Íslandsmóttinu sem fór fram í Laugardalslaug um síðustu helgi.

Eva Margrét Falsdóttir vann þrjá titla og Guðmundur Leo fjóra ásamt því að vinna fjóra titla í unglingsflokki en unglingsmeistarar eru krýndir að loknum undanrásum. Guðmundur Leo, sem er í algjörum sérflokki í baksundssgreinunum, var í miklum ham á móttinu. Hann sló tíu ára gamalt unglingsmet í 50 metra baksundi og var aðeins nokkrum hundradshlutum frá unglingsmeti Arnar Arnarsonar í 100 metra baksundi. Jafnframt tryggði hann sér þátttöku á Evrópumeistaramóti unglings í öllum baksundssgreinum. Að loknu Íslandsmóti átti ÍRB alls tólf sundmenn sem náðu lágmarkum til að keppa í hinum ýmsu landsliðsverkefnum á vegum Sundsambands Íslands.



Eva Margrét Falsdóttir.

Íslandsmeistarar ÍRB á ÍM 50 2024

Guðmundur Leo Rafnsson: 200m baksund, 50m baksund, 100m skriðsund og 100m baksund.

Eva Margrét Falsdóttir: 200m bringusund, 400m fjórund og 200m fjórund.

Már Gunnarsson: 50m baksund og 100m baksund í flokki fatlaðra.

Eydís Ósk Kolbeinsdóttir: 50m flugsund.

Karlasveit ÍRB: Gull 4x100m skriðsundi (Fannar Snævar Hauksson, Stefán Elías Berman, Guðmundur Karl Karlsson og Guðmundur Leo Rafnsson).

Kvennasveit ÍRB: Gull í 4x100m fjórundi kvenna (Ástrós Lovísa Hauksdóttir, Eva Margrét Falsdóttir, Eydís Ósk Kolbeinsdóttir og Sunneva Bergmann Ásbjörnsdóttir). ÍRB-met í opnum flokki.

Íslandsmeistarar unglings ÍRB á ÍM 50 2024

Guðmundur Leo Rafnsson: 200m baksund, 50m skriðsund, 50m baksund og 100m baksund

Nikolai Leó Jónsson: 100m bringusund, 50m bringusund og 200m bringusund.

Elisabet Arnóddsdóttir: 50m flugsund.

Boðsundssveitir verðlaun ÍM 50 2024

Kvennasveit ÍRB: Brons í 4 x 200m skriðsundi (Sunneva Bergmann Ásbjörnsdóttir, Adriana Agnes Derti, Katla María Brynjarsdóttir og Eva Margrét Falsdóttir).

Kvennasveit ÍRB: Brons í 4 x 100m skriðsundi (Eydís Ósk Kolbeinsdóttir, Eva Margrét Falsdóttir, Sunneva Bergmann Ásbjörnsdóttir og Elisabet Arnóddsdóttir). ÍRB-met í opnum flokki.

Karlasveit ÍRB: Gull í 4 x 100m fjórundi (Ástrós Lovísa Hauksdóttir, Eva Margrét Falsdóttir, Eydís Ósk Kolbeinsdóttir og Sunneva Bergmann Ásbjörnsdóttir). ÍRB-met í opnum flokki.

Karlasveit ÍRB: Silfur í 4 x 200m skriðsundi (Denas Kazulis, Stefán Elías Berman, Guðmundur Karl Karlsson og Guðmundur Leo Rafnsson).

Karlasveit ÍRB: Gull í 4 x 100m skriðsundi (Fannar Snævar Hauksson, Stefán Elías Berman, Guðmundur Karl Karlsson og Guðmundur Leo Rafnsson). ÍRB-met í opnum flokki.

Karlasveit ÍRB: Silfur í 4 x 100m fjórundi (Guðmundur Leo Rafnsson, Nikolai Leo Jónsson, Fannar Snævar Hauksson og Stefán Elías Berman).

MAGGI TÓKA HÆNUSKREFI FRÁ UNÐANÚRSLITUNUM

Maggi Tóka þarf laglega að gera í brækurnar í næstu umferð til að komast ekki upp fyrir Grindvíkinginn Jónas Þórhallsson sem er í fjórða sæti með 26 rétta en Maggi er kominn með 22 rétta, hann heldur velli og þarf bara fimm rétta til að komast upp fyrir Jónas. Ef Maggi fær skituna, og nær eingöngu fjórum réttum, mun Jónas halda fjórða sætinu þar sem hann er með fleira rétta að meðaltali í þeim leikjum sem hann tók þátt, er með 8,67 á móti 7,33 hjá Magga.

Íslenskir tipparar eru ekki beint að dæla milljónunum inn á banka-reikninginn þessa dagana, enginn af ellefu tippurum sem náðu þrettán réttum var íslenskur, hver fékk rúmar fimmtán milljónir í vasann. Niu af 442 tippurum sem náðu tólf réttum eru landar okkar og auðgúðust um rúmar 83 þúsund krónur.

Þar sem karlpeningurinn hefur ekki staðið sig í áskorandahlutverkinu að undanförunu er kominn tími til að hleypa konu að. Hún heitir Petra Lind Einarssdóttir og er ekki búin að gera upp við sig með hverjum hún heldur í enska boltanum en í þeim íslenska er bara eitt lið sem kemur til greina, ekki síst þar sem tvær dætur hennar spila með liðinu, Keflavík.

„Maðurinn minn heldur með Manchester United og dæturnar með Liverpool svo það má segja að ég sé eins og milli steins og sleggju. Ég hef ekki verið dugleg við að tippa og þarf jafnvel að fá aðstoð frá fjölskyldunni því ég fylgist lítið sem ekkert með enska boltanum. Fyrst þú, blaðamaðurinn ert United-maður, tek ég jafnvel ákvörðun hér og nú og styð þá hér eftir frekar en Liverpool.“

Blessunarlega fer knattspyrnuá-hugi minn allur í íslenska boltann, ég er búin að vera í stjórn knattspyrnudeildar Keflavíkur undanfarin ár og hef verið í kvennaráði lengur en það. Dætur okkar eru lykilmenn í liðinu, þær Aníta Lind og Eva Lind. Aníta var kosin besti leikmaður liðsins á síðasta tímabili.

Ég er keppnismanneskja og ætla mér auðvitað ekkert annað


1X2 „DRUMAD Á PRETTAN“



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson sigurbjorn@vf.is

en sigur á móti þessum Magga Tóka. Þegar ég skoða úrslitin undanfarnar vikur sýnist mér hann ekki hafa verið að spila sterkt mót, tvisvar sinnum búinn að fá sjö rétta og einu sinni átta, það er ekki merkilegur árangur í mínum huga. Kæmi mér ekki á óvart fyrst pressan er á honum að ná fimm leikjum réttum til að komast í fjórða sætið, að hann geri upp á bak. Ég hlakka til að mæta honum,“ sagði Petra Lind.

Maggi er stressaður fyrir næstu umferð þar sem mjög mikið er í húfi. „Ég viðurkenni fúslega að vera mjög stressaður fyrir næstu umferð, það yrði auðvitað alger hneisa ef ég kem mér ekki upp fyrir Jónas í fjórða sætið. Mér er slétt sama hverjum ég mæti í næstu umferð, núna þarf ég bara að einbeita mér að því að ná fimm leikjum eða fleirum því þá er ég kominn með pálmann upp í hendurnar. Auðvitað stefni ég á að halda sigur-göngu minni áfram en aðalatriðið núna er að koma mér inn í undanúrslitin,“ sagði Maggi.



Magnús	Seðill helgarinnar	Petra
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Man.City - Chelsea	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Wolves - Arsenal	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Luton - Brentford	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Sheff.Utd. - Burnley	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Cardiff - Southampton	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Huddersfield - Swansea	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Norwich - Bristol City	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Q.P.R. - Preston	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Rotherham - Birmingham	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Stoke - Plymouth	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Sunderland - Millwall	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Watford - Hull	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Malmö FF - Västerås SK	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>

Nýr framkvæmdastjóri fimleikadeildar Keflavíkur

Eva Hrund Gunnarsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri fimleikadeildar Keflavíkur og mun hefja störf í byrjun haustanna. Eva Hrund þekkir deildina mjög vel en hún var áður yfirþjálfari áhaldafimleika í nokkur ár eða til ársins 2019 og hefur þjálfað áhaldafimleika hjá deildinni eftir það.

Eva er með BSc-gráðu í viðskiptalögfræði og er langt kominn með masters-gráðu í stjórnun og stefnumótun. Hún hefur starfað sem fjármálastjóri Fimleikasambandsins frá árinu 2019 og tekið að sér mótastjórn hjá FSÍ frá 2022. Þá hefur hún þjálfað fimleika hjá Stjórnunni og Gerplu en þar hefur hún til að mynda þjálfað fimleika fyrir fatlaða frá árinu 2010. Eva er jafnframt dómari í áhaldafimleikum karla og kvenna og hefur sinnt dómgæslu frá árinu 2011.



Nýjung í innheimtu árgjalds FEBS

Innheimta félagsgjalda og útgáfa félagsskrteinis FEBS 2024

Innheimta félagsgjalda fyrir starfsárið 2024 er hafin. Send hefur verin krafa í heimbanka kr. 3000. Gjaldtagi er 1. maí, eindagi 15. maí. Þegar félagsgjald hefur verið greitt birtist FEBS skirteinið með nafni og kennitölu undir „Þínir hópar“ í Spara appinu.

Útgáfa á félagsskrteini FEBS verður rafræn. Félagsmenn geta sótt „Spara app“ í símann. Hægt er að ná í appið af „App store“ eða „Apple play“.

Þegar appið hefur verið hlaðið í símann birtist síða með rauðu skirteini með yfirskriftinni „Þínir hópar“. Þegar smellir á „Þínir hópar“ birtist félagsskrteini FEBS með nafni og kennitölu viðkomandi, enda hefur félagsmáður þá greitt félagsgjaldið rafrænt í heimabanka. Ekki verða sendir giróseðlar til félagsmanna.



Skemmtileg störf í Dósaseli

Tvo umsjónarmenn vantar til starfa í Dósaseli frá miðjum maí og fram í miðjan ágúst í sumar.

Annar þarf að vera með lyftarapróf og sjá um reksturinn. Hinn þarf að hafa bílpróf og sjá um að sækja flöskur í flugstöðina.

Allar upplýsingar hjá Ingu Jónu í Dósaseli í síma 861-2208 eða á staðnum.



Gerðu sér ekki grein fyrir umfangi verkefnisins

Bæjaryfirvöld í Grindavík stefna á virkt samtal og góða samvinnu með fasteignafélaginu Þórkötlum og stjórnendum þess. „Þar eru ærin verkefni og eru íbúar orðnir óþreyjufullir að fá svör, er varða uppkaupt, aðgengi að fasteigninni á tímabilinu og viðhald svo dæmi séu tekin en samkvæmt fréttum félagsins má vænta svara fljótlega,“ segir í pistli frá bæjarstjórn Grindavíkur.

Guðni Oddgeirsson, íbúi í Grindavík, er einn fjölmargra Grindvíkinga sem hafa átt í samskiptum við Þórkötlum. Hann sendi fasteignafélaginu erindi á mánudag og vakti athygli félagsins á því að nú væru Grindvíkingar í stórum stíl að missa af eignum sem þeir eru búnir að gera tilboð í og fá samþykkt. Þá vísaði Guðni til

þess að Þórkötlum hafi sagt að ferlið myndi taka tvær til fjórar vikur frá því að fólk myndi sækja um sölu. Það er ekki að standast og væri að fara með sálartetur Grindvíkinga.

Fasteignafélagið Þórkötlum svaraði Guðna og sagði að þegar farið var af stað með verkefnið gerðu aðilar sér líklega ekki grein fyrir umfangi verkefnisins og það er bagalegt að loforð hafi verið gefið um tveggja til fjögurra vikna ferli.

„Við gerum okkur grein fyrir að þetta er erfitt fyrir alla og erum að reyna að vinna eins hratt og við getum. Við sendum bréf á síðastliðinn föstudag sem skýrir nánar kaupferlið fyrir umsækjendum þ.e. í pósthólf á island.is,“ segir í svari Fasteignafélagsins Þórkötlum til Guðna.

Kanna golfvöllinn við Grindavík

Bæjaryfirvöld í Grindavík hafa óskað eftir að jarðkönnun á golfvöllinum að Húsatóftum verði færð frammar í jarðkönnunarverkefninu sem nú er unnið að í Grindavík. Verkefnið hefur fengið kynningu hjá bæjarstjórn en yfirvöld binda vonir við að mögulegt verði að spila 18 holur sem fyrst að Húsatóftum. Auk þess hafa bæjaryfirvöld óskað eftir að viðgerðir við gatnamótin á Víkurbraut og Dalbraut verði unnar sem allra fyrst.

Jarðkönnun í Grindavík var skipt upp í fjóra fasa. Fasa 1 og 2 er að mestu lokið, en fasi 3, og 4 jarðkönnunar eru í vinnslu, þar ræðir um verkefni sem snúa að skönnun utan vega, það er innan lóðamarka húsæða og á opnum svæðum.

Verkefnið er í höndum almannavarna og verkfræðistofa, en



Húsatóftavöllur.

bæjaryfirvöld í Grindavík biða eftir niðurstöðum úr þessum hlutum könnunarinnar til að vera betur upplýst um stöðuna með tilliti til uppbyggingu, umfangs sprungna og öryggis. Fagaðilar munu svo leggja til hvort og hvernig má lagfæra til að tryggja öryggi en fram hefur komið að aflögun er slík að þekktar sprungur hafa breyst og þurfa því nákvæma skoðun.



Kristín Júlía Kristjánsdóttir og Bergþóra Björnsdóttir.

Tvær Eddur í Garðinn

Tvær konur úr Garðinum unnu til kvikmyndaverðlauna Eddunnar 2024, en hátíðin fór fram um helgina. Þetta eru þær Kristín Júlía Kristjánsdóttir og Bergþóra Björnsdóttir.

Bergþóra Björnsdóttir fékk Edduna fyrir heimildakvikmynd ársins, Uppskrift: Lífið eftir dauðann.

Kristín Júlía Kristjánsdóttir fékk Edduna fyrir gervi ársins í kvikmyndinni Á ferð með mömmu. Kristín var einnig tilnefnd fyrir kvikmyndina Kulda.

Verðlaunin hafa verið veitt árlega af Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademiunni frá árinu 1999. Hátíðin í ár markar þátta-

skil þar sem kvikmynda- og sjónvarpsverðlauninum hefur verið skipt upp og voru Kvikmynda- og sjónvarpsverðlaun Eddunnar 2024 afhent 13. apríl. Sjónvarpsverðlaunin verða afhent á haustmánuðum.

Til kvikmyndaverðlauna Eddunnar í ár voru send inn alls 39 verk og 132 innsendingar til fagverðlauna. Heimildamyndir voru átta, heimildastuttmyndir sjö, kvikmyndir sjö og ellefu stuttmyndir.



Mundi

Á að tryggja að golfvöllurinn sé örugglega bara 18 holur?

Áhugaverð viðtöl í Hlaðvarpi VF

Nú er hægt að nálgast alla þættina af Suður með sjó í Hlaðvarpi Víkurfréttu.



Víkurfréttir hafa frá árinu 2019 framleitt sjónvarpsþætti undir nafninu Suður með sjó. Þættirnir hafa samhlíða verið settir á streymisveitur fyrir hlaðvarp.

Hlaðvarp Víkurfréttu er vistað hjá streymisveitunni Spotify og er einnig aðgengilegt á öðrum veitum með því að fletta upp „Hlaðvarp Víkurfréttu“.

Nú hefur hlaðvarpsþáttum Víkurfréttu verið safnað saman á vf.is undir Hlaðvarp Víkurfréttu. Þar eru viðtöl úr Suður með sjó, viðtöl við Alla á Eyri og fleiri þættir og viðtöl á öðrum nótum eru einnig væntanleg þar inn.



ÞAÐ ÞARF FÓLK EINS OG ÞIG STUÐNINGSMANNAKVÖLD

SPJALL VIÐ AÐALÞJÁLFARA OG GOÐSAGNIR
SALA ÁRSKORTA
LEIKMANNAKYNNINGAR
100.000 GJAFABRÉF SPORT24
DREGIÐ ÚR SELDUM ÁRSKORTUM
LÉTTAR VEIGAR



Tómas Þór Þórðarson
stýrir veislunni

20. APRÍL
19:30-21.30
BLUE HÖLLIN

KAUPTU ÁRSKORT

